

# SKÓLAVARÐAN

1. tbl. 8. árg. febrúar 2008

Málgagn Kennarasambands Íslands



**DAGUR LEIKSKÓLANS HALDINN  
HÁTÍÐLEGUR Í FYRSTA SKIPTI**

**PÉTUR GUNNARSSON SKRIFAR UM TÍMANN OG SKÓLANN**

**FJÓRÐA ÞING KÍ 9.-11. APRÍL**

**MENNTAFRUMVÖRPIN**

**ÖSKUDAGSRÁÐSTEFNA**



SÉREIGN  
LSR



## séreign á traustum grunni

Þegar starfsævinni lýkur reynist lífeyrissparnaður afar mikilvægur. Á lífsleiðinni skiptir því öllu máli að njóta samfylgdar lífeyrissjóðs sem býr vel í haginn fyrir framtíðina.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði sjóðfélaga og ávaxtar hann. Þátttaka í Séreign LSR veitir sjóðfélögum aukna möguleika á sveigjanlegum starfslokum og hærri lífeyristekjum í framtíðinni.

Kostir séreignarsparnaðar eru ótvíræðir. Launagreiðandi greiðir kjarasamningsbundið mótframlag sem nemur allt að 2% af heildarlaunum. Skattalegt hagræði myndast þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af séreignarsparnaði og sparnaðurinn skerðir hvorki barna- né vaxtabætur.

KYNNTU ÞÉR SÉREIGN LSR Í SÍMA: 510 6100

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarféлага KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félagin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Ljósmynd frá höfundri

Guðmundur Guðlaugsson  
Formaður FS.

## Á ári nýrrar lagasetningar um menntamál og nýrra kjarasamninga

Heldur hefur slaknað á góðærinu síðan ég tjáði mig síðast á þessum vettvangi. Ýmsar blikur eru þar að auki á lofti. Undanfarið hafa félagar í FS verið önnur kafnir við að koma skólastarfi í eðlilegt horf í byrjun nýrrar annar. Jafnframt höfum við tekið þátt í umræðu um frumvörp til nýrra laga um skólamál. Kennarasambandið hefur nú sent frá sér samræmda umsögn um lagafrumvörpin. Ég sé því ekki ástæðu til að tjá mig mjög mikið um þau. En aðeins þó. Í frumvarpi um framhaldsskóla er vafalaust mörg góð nýbreytnin. Eitt af því sem rætt hefur verið er aukið frelsi skólanna til að útbúa eigin námskrár. Þetta lítur vel út og er vafalaust fagnaðarefni fyrir flesta. Vonandi gengur vel að tryggja gæði námsins þannig að ekki verði hætta á verðfalli þess gagnvart þeim vettvangi þar sem nemendur ætla að nýta það að framhaldsskóla loknum. Reyndar er umdeilanlegt hvort frelsi framhaldsskólanna eykst þar sem öll námskrárákvæði eru á endanum háð samþykki ráðherra.

Við í stjórn FS komum flest frá skólum með mjög blandað námsframboð. Þá á ég við að við höfum innandyrna ýmis konar starfs- og iðnnám. Kannski var það þess vegna að við hnutum um tillögur að lagaákvæðum um vinnustaðanám. Lengi hefur verið rætt um fyrirkomulag vinnustaðanáms á vettvangi sambærilegra starfshópa við þá sem í dag eru nefndir starfsgreinarád. Rætt hefur verið um hvernig tryggja megi að nemendum bjóðist sú fræðsla sem nauðsynleg er og gerð samnings þar um. Í nokkur ár hafa verið gerðir eins konar námssamningar um vinnustaðanámið á milli vinnustaðar og nemanda, með áritun skóla. Eftirlit með framkvæmdinni hefur þó gengið misvel. Gjarna var rætt að skólar ættu að sjá um að engir meinbugir kæmu upp. Skólum hafa hins vegar ekki verið ætluð nein meðul til þess. Það er ánægjulegt að nýtt lagafrumvarp kveður ákveðið á um framkvæmdina. Verði það samþykkt fylgja væntanlega þau nauðsynlegu meðul sem ekki hafa verið fyrir hendi eins og samningar um hverjir eiga að vinna verkin og það fé sem þarf til að standa straua af kostnaði.

Eitt langar mig að nefna enn. Okkur sem gjarna erum kölluð millistjórnendur þótti miður að sjá ekkert starfsheita okkar nefnt í lagafrumvarpsgrein um starfslið framhaldsskóla. Við verðum að treysta því að reglugerðarákvæði sem smíðuð verða við lögin taki á því og skapi okkur tilverurétt.

Ég ætlaði ekkert að segja um fjárframlög til framhaldsskóla. Eitt er þó það ákvæði sem gilt hefur og er ekki réttlátt en getur komið

illa við fjárhag skólanna. Það er að framlög ákvarðast eftir fjölda nemenda sem ganga til prófs. Þá fæst ekkert fyrir þann sem heltist úr lestinni jafnvel í næst síðustu eða síðustu kennsluviku. Honum hefur skólinn þó þjónað mest allan kennslutímamann. Einn félagi minn líkti þessu við að sjúkrahús fengju greitt fyrir sjúklinga sem útskrifast en ekki fyrir þá sem aldrei ná að útskrifast þrátt fyrir góða umönnun. Það er varla ástand sem við óskum okkur í rekstri sjúkrahúsa.

Við nálgumst nú lok gildistíma síðasta kjarasamnings. Þegar FS félagar líta um öxl kemur ýmislegt upp í hugann sem við hefðum viljað sjá öðruvísi. Stofnanasamningar og þeir fýsilegu möguleikar sem í þeim áttu að felast. Allt hljómaði þetta áhugavert. Hjá skólum, að minnsta kosti, hefur sýnt sig að möguleikar eru mjög takmarkaðir, það sem var til skiptanna var allt of lítið. Óhemjumikil vinna hefur farið í að semja um eitthvert smáræði. Aðeins í framhaldsskólum hafa væntanlega um 200 manns setið við þessa vinnu. Þá lendum við einnig gjarna í sambærilegu samningaferli við önnur stéttarfélag sem annað starfsfólk skólanna á aðild að. Þessi vinna er hrein viðbót við þau störf sem við réðum okkur til. Hvergi hef ég séð um hana getið í starfslýsingum kennara eða lýsingum þeirra stjórnunarstarfa sem ráða ber kennara til innan skólanna. Margir telja að nóg hafi verið fyrir og vart á bætandi þar sem við þurfum að þjóna þrem herra í einu, nemendum, kennurum og öðrum stjórnendum. Oft er erfitt að ná heilli hugsun til enda áður en næsta úrlausnarefni kallar. Eitt er það ef til vill sérstaklega sem okkur þykir slæmt við gerð stofnanasamninga. Þegar rætt er um okkar eigin kjör sitjum við báðum megin við borðið og þurfum að fá þau samþykkt af fulltrúum kennara. Það þykir okkur slæm staða.

Í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum verða því þær raddir sífellt háværari sem vilja krefjast eigin samningsréttar og telja það forsendu þess að hægt sé að semja eðlilega um kjör okkar.

Ég óska þess að ný lög fyrir menntastofnanir og nýir kjarasamningar verði gæfurík fyrir menntun á Íslandi og alla sem að henni starfa.

Guðmundur Guðlaugsson

# Kennarar gerist Kínverjar

kennari • skólaliði • aðstoðarleikskólastjóri • forvarnafulltrúi • matráður • deildarstjóri • mamma • skólastjóri • námsráðgjafi • leiðbeinandi • fagstjóri • stuðningsfulltrúi • fjármálastjóri • félagslífsfulltrúi • skólaritari • yfirproskabjálfi • nemandi • pabbi • yfirmaður mótuneytis • fjarvistafulltrúi • áfangastjóri • gangavörður • vefstjóri • starfsmaður • leikskólastjóri • húsvörður • netstjóri • sérkennari • fulltrúi • hjúkrunarfræðingur • listmeðferðarfræðingur • afi • skólasálfræðingur • tölvuumsjónarmaður • þjónustuliði • amma • aðstoðarskólastjóri • leikskólaliði • gæðastjóri • sérkennslustjóri • skólameistari • afleysing • aðstoðarskólameistari • danskennari • bókasafnsfræðingur • þjónustuliði • skrifstofustjóri

Ísland er fjölmenningsarsamfélag. Hér býr fólk frá mörgum löndum, vonandi sem oftast í sátt og samlyndi. En fólk býr þó ekki beinlínis saman heldur í aðskildum hópum. Ef til vill er fjölmennings samfélagsins í besta falli fólgin í afskiptaleysi. Allir hafa mikið að gera og nóg með sig, við höfum ekki tíma til að kynna.

Í morgun hitti ég fjögur börn, tvo stráka og tvær stelpur. Stelpurnar eru að tefla og strákarnir að fylgjast með skákinni. Þau eru sjö, átta og tíu ára þessi börn. Þau tala íslensku hvert við annað og strákarnir gefa stelpunum stöku sinnum ráð um næsta leik. Allt í mesta bróðerni. Þegar ég fer að spjalla við þau kemst ég að því að eitt barnanna er frá Marokkó og hin þrjú frá Póllandi. Krakkarnir eru komnir í skólann um klukkustund áður en hann hefst og hafa þar af leiðandi tíma og tækifæri til að kynna. Starfsmenn skóla og frístundaheimilis (sem er innan veggja skólans) hafa líka tíma til að kynna. Sem foreldri í skólanum sýnist mér þó starfsmannahópurinn skiptast í tvennt: Starfsmenn frístundaheimilis og starfsmenn grunnskóla. Það dylst ekki stopulum gestum eins og foreldrum að frístundaheimili og skóli eru aðskildir heimar. Samt búa þeir í sömu byggingu.

Nokkrir starfsmanna eru „go-between“ milli heimanna, túlkar og milligöngumenn. Þeir eru bæði skólaliðar og frístundaleiðbeinendur eða vinna á mörkum heimanna, til dæmis í mótuneytinu. Ég hef heyrt því fleygt að fólk gæti alveg hugsað sér alvöru sambúð en ekki bara plát. Mjög ung börn leika sér hlið við hlið, hvert í sínu. Þegar þau eldast og þroskast leika þau sér saman í raun og veru, með allri þeirri angist og gleði sem því fylgir.

Starfsmenn frístundaheimilisins og skólans sem um getur eru mikið ágætis fólk; gott, skynsamt og skemmtilegt. En hóparnir tveir umgangast ekki mikið. Við búum ekki á Gaza svæðinu en mér skilst að víða á kennarastofum séu líka dregnar línur sem sjaldan er klofað yfir. Margir hafa orðið til að benda á vaxandi stéttskiptingu í



Ljósmynd: Kristján Vaidimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

samfélaginu. Hentar gæti líka í skólasamfélaginu, bæði í nemenda- og starfsmannahópum. Ísland er ekki bara fjölmenningsarsamfélag, það er líka fjölstéttasamfélag.

## Samfélagið er ekki fyrir gamlingja

Hvert er ég að fara með þessu? Einfaldlega það að ef við ætlum að efla skóla og menntun, bæta hag nemenda, kennara og foreldra og stuðla að góðum samskiptum í umhverfi okkar verðum við að byrja á okkur sjálfum. Heimurinn er flókin og „no country for old men“ (heiti á nýjustu bíómynd Cohen bræðra) og eiginlega ekki fyrir neinn, hvorki ungan né aldrið, nema við breytum því verulega. Urgur og surgur milli mannhópa eykst í svona flóknum heimi, að hluta til vegna þess að þegar lífið er flókið er aðkallandi að fóta sig og finna sér samastað á einum afmörkuðum bletti, helst þar sem þeim einum er hleypt inn sem maður skilur. Fimmtán ár eða meira eru liðin síðan fræðimenn fóru að spá því að flokkadrættir 21. aldar færu eftir trúarbrögðum: múslímar öðrum megin og kristnir hinum megin. Þetta hefur síðan sannast en veruleikinn er margfalt flóknari en nokkurn óraði fyrir. Hverjum datt til dæmis í hug að Kínverjar myndu „ræna“ Afríku frá evrópsku nýlenduherrunum, þjóðum sem töldu sig hafa þar tögl og hagdir um alla framtíð hvort heldur væri í krafti viðskipta eða mannúðar? Það vill bara svo til að Kínverjar telja sig ekki bundna af þessari sögulegu hefð. Þeir eru í óða önn að mynda og treysta efnahagsmunabönd við Angólu, Eþíópíu, Zambíu, Gabon og fleiri lönd.

Ég legg því til að kennarar gerist Kínverjar, myndi nýjar tengingar rétt eins og taugabrautir verða til á milli heilahvela og gerist boðberar þess að breyttir tímar bjóði upp á nýja samvinnu. Gerumst afskiptasöm. Treystum böndin við skólaliða, frístundaráðgjafa, nemendur, votta jehóva, foreldra, sjoppueigendur, skólastjóra, ofurbloggara hverfisins og stjúppforeldra og rennum stöðum undir skólann sem sterkt og mótandi framfarafl.

Kristín Elfa Guðnadóttir

## EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Á ári nýrrar lagasetningar um menntamáli og nýrra kjarasamninga 3

Leiðari: Kennarar gerist Kínverjar 4

Gestaskrif: Þú ert að verða of seinn í skólann 5

Kjaramál: Yfirvinna stjórnenda 8

KÍ: Þingið að skella á og aðalfundur flestra aðildarfélaga á næsta leyti 10

Bók: Almenningsfræðsla, tilboð til kennara 12

Frétt: Kennarar eiga að fá meiri völd 12

Styrkir: Verkefna- og námsstyrkjasjóðir FG og SÍ 12

Kennaramenntun: Með því stysta sem þekkest í Evrópu 14

Frétt: ASÍ á móti menntun, KÍ fagnar menntafrumvörpum 14

Ráðstefna: Tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar 15

Dagur leikskólans: Haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 16

Mannvinur: Morris á Öskudagsráðstefnu í Reykjavík 22

Fyrirlestur: Unglingsárin, tímabil uppötvana og átaka 24

Fjölmennings: Allir með – nýr fjölmenningsarvefur leikskóla 24

Netla: Fimm nýjar greinar 26

Comeniusarverkefni: Friður í gegnum leik og list 26

Námshöfundur: Rósa Eggertsdóttir með ný lestrargögn á DVD 28

Smiðshöggvið: Eilífðarglíma við tíma 29

Rannsókn: TALIS – auðveld og eftirsóknarverð 30

**Ritstjóri:** Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is  
**Ábyrgðarmaður:** Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is  
**Umsjónarmaður félagsatals:** Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115  
**Hönnun:** Zetor ehf.  
**Ljósmyndir:** Jón Svavarsson, nema annars sé getið

**Forsíðumynd:** Forsíðan er tekin í Laufásborg á Öskudaginn.

**Auðlýsingar:** Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

**Prentun:** Svansprent

**Skólavarðan, s. 595 1120 (Kristín)**

**Laufásvegji 81, 101 Reykjavík**



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS

# Þú ert að verða of seinn í skólann!



Ljósmyndir: Jón Reykdal

**Pétur Gunnarsson rithöfundur** hélt nýverið fyrirlestur í boði Kennarasambandsins og Kennaraháskólans. Tilfnið var aldarafmæli kennaramenntunar á Íslandi og fyrirlestur Péturs er einn margra spennandi viðburða á afmælisárinu. Við fengum leyfi höfundar til að birta hluta fyrirlestrarins „Þú ert að verða of seinn í skólann“ í Skólavörðunni. Lífið eða tíminn sem við höfum í þessari jarðvist og hvernig við verjum honum er inntakið í orðum Péturs. Hann er snillingur eins og allir vita og segir okkur hér margt forvitnilegt sem við höfum ekki gefið okkur tíma til að hugleiða af sjálfsdáðum. Nám (eða þroski) og vinna – hvert er samband þessara tveggja fyrirbæra? Er sjálfsagt að tengja skólann við atvinnulífið? Lesið áfram...

Skóli, sjálft orðið mun vera komið um latínu úr grísku, „skhole“ og þýðir frí, næði. Þannig að það er eftir allt saman innistæða fyrir línunni gamalkunna: „Í skólanum, í skólanum, er skemmtilegt að vera...“

Hvernig hugsuðu Forn-Grikkir sér skólann? Þeir hefðu allavega ekki tengt hann við atvinnulífið, svo mikið er víst. Markmið náms og raunar alls þroska var maðurinn sjálfur, að þroska sjálfan sig, uppfylla þá möguleika sem einni mannsævi voru gefnir til að rætast, verða það sem í manni bjó.

Gríski höfundurinn Plutarque (uppi á fyrstu öld e.Kr.) segir frá því að Spartverjar hafi látið þræla erja fyrir sig jörðina af því að þegnarnir vildu „rækta sjálfa sig“.

Og Sókrates kemur iðulega að þessu sama, til dæmis í Málsvörninni:

**Hvernig hugsuðu Forn-Grikkir sér skólann? Þeir hefðu allavega ekki tengt hann við atvinnulífið, svo mikið er víst. Markmið náms og raunar alls þroska var maðurinn sjálfur, að þroska sjálfan sig, uppfylla þá möguleika sem einni mannsævi voru gefnir til að rætast, verða það sem í manni bjó.**

„...ég geri ekki annað en ganga um og telja um fyrir yður, bæði eldri mönnum og yngri, að bera ekki mesta umhyggju fyrir líkómum yðar né fjármunum, heldur frammar öllu fyrir sálu yðar, að hún verði sem best.“

Vinnan aftur á móti var fyrir neðan virðingu frjálsborins Grikkja.

Við getum hæðst að þessum sjónarmiðum, hneykslast jafnvel, en það breytir ekki því að Grikkir unnu þau afrek sem síðan hafa ekki verið toppuð. Í heimspeki, bókmenntum, stærðfræði, listum. Þeir eru taldir hafa lagt grundvöllinn að vestrænni menningu, hvorki meira né minna.

Sömu sögu er að segja um Rómverja, þeir halda uppteknum hætti Grikkja, fyrirlíta vinnuna og láta þræla annast um verkin. *Otium* er lykilorð hjá Rómverjum og táknafróm, næði, svipað og „skhole“ hjá Grikkjum. Andstæðan við *otium* er *negotium*, ónæði, og dæmigert að það færist síðar yfir á verslun, t.d. „négoce“ í frönsku sem merkir kaupskap. Íslenska orðið yfir viðskipti ætti samkvæmt því að vera at.

Rómverjar líkt og Grikkir hafa kappnóg af þrælum og komast því upp með að horfa fram hjá hlutverki vinnunnar í samfélagsgerðinni. Og heimspekingum þeirra fer eins og

lagsbræðrum þeirra í Grikklandi, þeir leggja áherslu á nauðsynina að rækta sjálfan sig. Seneka boðar að menn eigi að hætta öllu nema þessu eina: að annast um sjálfan sig. Og Markús Árelíus, heimspekingur og keisari, segir í *Hugunum* sínum:

„Hættu að sóa tímanum. Haskaðu þér að takmarkinu; segðu skilið við tilhæfuleasar væntingar, komdu sjálfum þér til hjálpar á meðan það er ennþá hægt og þú berð umhyggju fyrir sjálfum þér.“

**Þegar hér er komið sögu tekur Pétur til umfjöllunar kristni og trú, klaustur og kirkju. Við spólum áfram og grípum aftur niður í fyrirlesturinn á frönskum miðöldum:**

Að hvaða leyti skyldi bændalýður miðalda hafa verið frábrugðinn þrælum Grikkja og Rómverja? Lénsskipulagið með átthaga-fjötrum sínum innleiðir fyrirkomulag þar sem í stað þess að þurfa að verða sér úti um nýja og nýja þræla með herleiðingum og ströngu eftirliti og stöðugum ótta um að þeir neyttu liðsmunar og gerðu uppreisn, er komið á skipulagi þar sem bóndinn er bundinn við sína torfu en endurnýjar sig jafnframt sjálfviljugur með æxlun.



**Báðir eiga þeir Jón og Rousseau sameiginlegt að gera barnið að útgangspunkti, en greinir fljótlega á þegar kemur að sjálfu náminu. „Stærsta gagn og gaman er að kunna að lesa...” skrifar Jón Grunnvíkingur ... „Ég hata bækur,” segir Jean-Jacques.**

En staða hans er lítið ofar húsdýrunum. Þannig lýsir franskri sautjándualdarhöfundurinn La Bruyère bænda lýð á dögum sólkönungins Lúðvíks 14:

„Fyrir augu ber villidýr, menn og konur, dreifð um akrana, sótug, guggin og sólbrennd, bundin við jörðina sem þau róta í og stinga upp af ósigrandi seiglu; þau gefa frá sér hljóð sem líkjast tungumáli, og þegar þau rísa á fætur koma í ljós mennsk andlit, reyndar eru þau mennsk; þegar náttar hverfa þau inn í hreysin þar sem þau nærast á svörtu brauði, vatni og rótarávöxtum; þau fría okkur hin frá lífsbaráttunni, og verðskulda þar af leiðandi brauðið sem þau hafa sáð til og uppskorið.”

Það var kannski ekki að undra að hamfarirnar yrðu stórkostlegar þegar þessi sami lýður reis upp í byltingum 17. og 18. aldar. Við getum ímyndað okkur ef húsdýrin gerðu uppreisn, harmanna sem þau ættu að hefna á húsbændum sínum. Höfuð Englands og Frakklands, hinar guðdómlegu háttignir, Karl 1. og Lúðvík 16. voru leiddir á höggstokkinn. Kirkjur voru kerfisbundið brenndar og vandalíseraðar, innvolsinu sópað út á stétt og borinn að eldur, bókasöfn eyðilögð, hallir brotnar – eyðileggingin sem losnaði úr læðingi var á áður óþekktum tortímingarskala.

Það er í þessum hamförum sem borgarastéttin evrópska kemst til pólitískra valda. En aðdragandi senuskiptanna voru að sjálfsgöðu siðaskiptin sem bar upp á um líkt leyti og Evrópumenn uppgötva Ameríku og sú auðlegð sem þaðan tók að streyma kynti undir efnahagsvöxt sem stökkhleypri borgarastéttinni fram á sviðið.

Einna mælskast um þá viðhorfsbreytingu sem verður með valdatöku borgarastéttarinnar er að sjálfsgöðu breytt afstaða til verslunar sem frá því að vera óhrein, útlæg, ósæmileg, verður eftirsóknarverð, jafnvel siðbætandi.

Frakkinn Montesquieu orðar það svo á átjándu öld:

„Það er nánast algilt lögmál að hvarvetna þar sem getur að líta ljúfa siði er verslun, og allsstaðar þar sem er verslun eru ljúfir siðir.”

Og vinnan breytist smám saman í einskonar fagnaðarerindi: franskri átjándualdar hugsuðurinn Saint-Simon, stundum nefndur „faðir félagsfræðinnar segir berum orðum:

„Ég legg til að eftirfarandi leiðbeiningar komi í stað Guðspjallanna: maðurinn á að vinna. Hinn hamingjusamasti maður er sá sem vinnur. Sú fjölskylda er hamingjusömumst þar sem allir meðlimirnir nýta gagnlega tíma sinn. Hin hamingjusamasta þjóð er sú þar sem fæstir ganga verklausir. Mannkynið nyti allrar þeirra hamingju sem það á kost á ef engir væru iðjulausir.”

**Pétur rekur hvernig samfélagin umpólast, vinnan verður sáluhjálp og aðgerðaleysi er talið afsíða menn. En í hverri þágu var þessi hugmyndafræði?**

Við sjáum af þessu hve gagnger umpólunin

er frá samfélagum forn- og miðalda. Frá því að vera það lægsta sem menn gátu hugsað sér, skepnuskapur nánast, er vinnan orðin að sáluhjálp. Og það voru einmitt rökin sem evrópsk auðstétt tefldi lengi vel fram þegar talað var um að setja skorður við vinnu verkafólks með afmörkuðum vinnudegi, að aðgerðaleysi myndi afsíða fólkið og beina því út á brautir glæpa og vændis. Svo seint sem árið 1832 var fellt í breska þinginu að setja skorður við vinnu barna sem miðuðu við níu ára aldur. Og hér var ekki um blaðaútburð að ræða eða vinnu á kössum í stórmörkuðum heldur strit í kolanámum og verksmiðjuhelvítum.

En það er fleira sem breytist með tilkomu borgarastéttarinnar en viðhorf til verslunar og vinnu, nefnilega viðhorf til menntunar. Átjándu öldin sem er hennar uppgangssöld hefur löngum verið kennd við upplýsingu. Uppeldismál færast í brennipunkt og fjöldi rita þeim helguð líta dagsins ljós. Þeirra frægast er „Emil eða um uppeldið” eftir Jean-Jacques Rousseau, sex hundruð blaðsíðna doðrantur sem út kom árið 1762. Upphafsorðin urðu fleyg: „Allt er gott frá hendi skaparans, allt fer úrskeiðis í höndum mannanna.”

Svo skemma tilega vill til að frá líkum tíma er eitt fyrsta rit um uppeldismál sem við Íslendingar eignuðumst, en það er *Hagþenkir* eftir Jón Ólafsson úr Grunnvík. Ritin draga að sjálfsgöðu dóm af aðstæðum sínum, Ísland er fátækasta land Evrópu þegar hér er komið sögu, Frakkland ríkast. Og örlög ritanna urðu býsna ólík, bókin um Emil var brennd opinberlega á tröppum Sorbonne-háskóla og höfundurinn þurfti að fara í felur, á meðan Hagþenkir Jóns lá í þagnargildi í 250 ár rúm, eða þar til hann kom út í Reykjavík árið 1996.

Báðir eiga þeir Jón og Rousseau sameiginlegt að gera barnið að útgangspunkti, en greinir fljótlega á þegar kemur að sjálfu náminu. „Stærsta gagn og gaman er að kunna að lesa...” skrifar Jón Grunnvíkingur og upphafur sannkallaðan óð til lestrarkunnáttunnar sem eykur mönnum þekkingu og unað, því meiri sem þeir eiga fleiri bækur og kunna fleiri tungumál.

„Ég hata bækur,” segir Jean-Jacques, „þær kenna ekki annað en tala um það sem við þekkjum ekki (...) Lestur er plága fyrir barnið. Tólf ára gamall veit Emil varla hvað bók er. Á hann þá ekki að læra að lesa? Jú, þegar það getur komið honum að gagni; þangað til gerir bóklestur varla meira en vekja honum leiða.”

Ein skrudda sleppur þó í gegnum nálaraugað, *Róbinson Krúsó* eftir Daniel Defoe (kom út árið 1719).

Rousseau er helsti hugsuður hins svokallaða neikvæða uppeldis sem á nýliðinni öld fékk byr undir vængi (margir munu t.a.m. kannast við bókina *Summerhill* eftir A.N. Neill sem var biblía blómabarna og mjög í þeim anda).

Rousseau: „Ég kenni nemanda mínum listina að vera fáfróður. Þið keppist við að færa honum vискuna snemma; ég einbeiti

mér að leiðinni til að öðlast hana af eigin rammleik (...) Mesta háskatímabilið í ævi mannsins er frá fæðingu til 12 ára. Þessi tími er gróðrarstía ódyggða og lasta án þess að tækin séu til staðar til að útrýma þeim. Og þegar þau loksins eru tiltæk hafa þau skotið svo djúpum rötum að ekki verður við þeim séð.

Þetta fyrsta skeið á því að einkennast af neikvæðu uppeldi og felst ekki í því að kenna dygðir eða sannindi heldur að tryggja hjartað fyrir löstum og villu. Ef tækist að vernda barnið ósnert fram að skynsemisaldrinum væri björninn unninn."

Maður spyr sig til hvaða ráða Rousseau hefði gripið ef Netið hefði verið komið til sögunnar. Og Britney-Spears-væðing fjölmiðlanna. En þá er víst kominn tími til að færa okkur nær í tímanum, alla leið til okkar sem nú drögum andann.

### Næst gluggar Pétur í samtímamann og spyr meðal annars hvort skólastofan sé orðin boðflenna í lífi barnsins

Marga undrar hve gamalreyndar menningarþjóðir vestrænar skora lágt í Písakönnuninni margumtöluðu. Lönd á borð við Danmörku, Spán, Slóvakíu, Ísland, Noreg, Frakkland, Bandaríkin, Ítalíu raða sér í tossabekki heimsins. Og Tékkland, Þýskalend, Svíþjóð, Bretland lafa rétt ofan við meðallag.

Hvernig skyldi standa á þessu? Má láta sér detta í hug að ástæðan liggja að einhverju leyti í lífsmáta þessara sömu samfélaga? Til að mynda: er ekki æ stærrí skerfur af veröld unglinga kominn út fyrir veggi skólastofunnar? Hjá okkur sem gengum í skóla, fyrir einni kynslóð eða svo, var veruleikinn að vísu ekki allur í skólatöskunni, en samt tiltölulega fljótlegt að smala þau afréttarlönd sem hugur unglunga leitaði inn á. Sá sem vildi kynna sér bakgrunninn kæmist væntanlega langt með að lesa bíóauglýsingar, skoða dagskrá útvarps og sjónvarps, fletta í gegnum dagblöð og nasa af nokkrum bókum.

Aftur á móti núna! Hendir nokkur reiður á þeim víðáttum sem taka við einu barni þegar skólastofunni sleppir? Og það sem meira er, er ekki skólastofan orðin hálfildings boðflenna í öllu því sendingafári sem barninu býst með nettengdri fartölvu og ég man ekki hvaða kynslóð farsíma? Ég ímynda mér að það sé ekki tekið út með sældinni að vera kennari í dag, frá því að tróna á toppi athyglinnar til þess að þurfa að „verðskulda“ hana - að öðrum kosti fjarstýrt burt. Dögum oftast hlýtur hann að spyrja sig út í hlutverk sitt. Og nemandinn um tilgang námsins. Og hverju svarar samfélagið? Ekki á tyllidögum eða í tækifærisræðum heldur því sem blasir við í veruleikanum. Að það borgi sig að leita sér menntunar? Að það sé hún sem skili mestum arði?

Auðvitað hljóta skólaganga og samfélag ævinlega að vera í innbyrðis sambandi svipað og tröppur og dyr, skólinn er að einhverju leyti tröppur upp í samfélagið. En þá gerist það



### Hjá okkur sem gengum í skóla, fyrir einni kynslóð eða svo, var veruleikinn að vísu ekki allur í skólatöskunni, en samt tiltölulega fljótlegt að smala þau afréttarlönd sem hugur unglunga leitaði inn á.

að samfélagin sem nú eru við lýði breytast svo ört að það er ógerningur að segja til um þarfirnar eftir áratug, hvað þá meir. Stundum heyrast hávær krafa um að skólinn taki mið af þörfum atvinnulífsins. Ef þessi hugsun hefði fengið að ráða fyrir aldarfjórðungi sætum við kannski núna uppi með heila kynslóð af sérfræðingum í loðdyrarækt og laxeldi. Það væri alveg eins hægt að segja að skólinn ætti að taka mið af atvinnuleysi, 10 til 15% atvinnuleysi er orðið fast í mörgum Evrópuríkjum og næmi auðveldlega 30-40% ef ekki kæmi til margháttuð atvinnubótavinna og málamyndastörf skipulögð til að mennirnir verði ekki tilgangsleysinu að bráð.

Hér virðumst við standa nákvæmlega andfætis Forn-Grikkjum og Rómverjum: þeir frábáðu sér vinnuna til að geta einbeitt sér að hugverunni, sálinni. Við reynum með öllum ráðum að halda í vinnuna til að þurfa ekki að sitja uppi með okkur sjálf.

Þýsk-ameríska heimspekingurinn Hanna Arendt braut heilann um þennan vanda í verki sínu *The Human Condition* (Hlutskipti mannsins) sem út kom fyrir rétttri hálfri öld. Þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að Vesturlönd séu fyrir löngu orðin að vinnusamfélagi, sem gangi út á að vinna án þess að skeyta um til hvers er unnið. Jafnvel svo að lausn undan þessu fyrirkomulagi þyki ógnvænleg.

„Á öllum tímum hefur menn dreymt um

að losna við vinnuna og á öllum tímum hafa verið til hópar manna sem þurftu ekki að vinna. Og nú þegar sá möguleiki er fyrir hendi að heilt samfélag geti losnað undan fargi vinnunar, er um að ræða samfélag sem hefur hafið vinnuna til skjáanna, sem hefur umvafið hana dýrðarljóma. Það er því að vega að eigin rötum með því að losa sig við vinnuna. Það þekkir ekkert æðra.”

Hér hefðu Íslendingar örugglega kinkað kalli. Engir hafa til fyllri hlítar tileinkað sér málsháttinn forna: að sigla er nauðsyn, að lifa er engin nauðsyn. Samheitaorðabókin segir raunar meira en orð um afstöðu okkar til lífsins. Á íslensku eru til um fjórutíu orð yfir að deyja á meðan “að lifa” á sér bara þrjú samheiti: hjara, skrimta og tóra sem öll tákna næsta stig fyrir neðan - undirmálslíf! Síðan geta menn dáið í miklu úrvali.

Hanna Arendt lést árið 1975, en næsta ár, 1976, er talið marka fyrsta vitundarvakningarvottinn um umhverfisvána sem síðan hefur smám saman fyllt upp í sjóndeildarhringinn. Og gerir að verkum að spurningin er ekki hvort við getum breytt um vinnulag og lífsstíl heldur hvernig.

Fyrirlestur Péturs er í heild sinni á [www.ki.is](http://www.ki.is)

## Yfirvinna skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra

Ég hef áður skrifað um yfirvinnu grunnskólakennara, framhaldskólakennara, leikskólakennara og tónlistarskólakennara og því er tímabært að fjalla um yfirvinnu deildarstjóra, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra grunnskóla. Ákvæði kjarasamningsins um yfirvinnu stjórnenda grunnskóla eru talsvert ólík ákvæðum um yfirvinnu grunnskólakennara og verður hér farið yfir helstu atriðin.

### Deildarstjórar

Deildarstjóri stígs raðast í launaflokk m.v. stigafjölda, viðkomandi deildar, þ.e. nemendafjöldi x 1,5, en deildarstjórur 1 og 2 er raðað m.v. stjórnunarumfang (50-100%). Leyfileg hámarkskennsla deildarstjóra umfram skyldu gildir eingöngu um töflusetta kennslu og fær deildarstjórinn hana greidda m.v. sinn launaflokk. Öll yfirvinna umfram þetta þak, þ.e. hámarkskennslu umfram skyldu, greiðist m.v. launaflokk 237 – 3. þrep samkvæmt launatöflu Félags grunnskólakennara, og á það við um forfallakennslu sem og alla aðra yfirvinnu. Í kjarasamningi gr. 14.4 er tilgreint hver sé leyfileg hámarkskennsla deildarstjóra umfram kennsluskyldu m.v. stigafjölda. Hámarkskennsla deildarstjóra 1 og 2 umfram skyldu fylgir deildarstjóra stígs sem raðast í sama launaflokk og eru nú 3 og 2 kennslustundir.

Deildarstjóri má taka að sér tilfallandi forfallakennslu umfram kennsluyfirvinnuþakið sem og aðra yfirvinnu. Ef það vantar aftur á móti upp á að deildarstjóri fullnýti hámarkskennslu umfram kennsluskyldu, t.d. ef eingöngu eru nýttar 2 kennslustundir af 8 kennslustundum sem heimilær eru umfram kennsluskyldu þá er forfallakennsla greidd m.v. launaflokk og þrep viðkomandi deildarstjóra upp að kennsluyfirvinnuþakinu og svo í launaflokk 237 – 3 eftir það.

### Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar

Í kjarasamningi gr. 14.2.2. og 14.3.2. er tilgreint hver sé leyfileg hámarkskennsla skólastjóra og aðstoðarskólastjóra umfram kennsluskyldu m.v. stigafjölda. Þar sem kjarasamningur skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er fastlaunasamningur fá þeir umsamin laun allt árið án mats á vinnuframlagi í hverjum mánuði. Kjarasamningurinn tekur því eingöngu til stjórnunar grunnskóla og annarra faglegra starfa og fás skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra því ekki greidda tilfallandi yfirvinnu, nema ef um forfallakennslu er að ræða. Samkvæmt bókun 11 í kjarasamningi eru takmarkanir á forfallakennslu skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra þar sem helsta viðfangsefni skólastjórnenda er stjórnun og því óæskilegt að þeir sinni forfallakennslu.

Þar sem skóli er undirmannaður og ekki tekst að fá kennara í forföll er heimilt að greiða skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra allt að 12 kennslustundir á mánuði vegna forfallakennslu. Í tilvikum sem þessum ber skólastjóra að senda rökstuðning sinn til næsta yfirmanns sem staðfestir heimild til greiðslu. Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri sem hefur enga kennsluskyldu þarf samt að hafa skilað 4 kennslustundum á mánuði í forfallakennslu áður en til greiðslu kemur. Forfallakennsla þessi er greidd m.v. launaflokk 237 – 3. þrep samkvæmt launatöflu Félags grunnskólakennara.

Ef sveitarstjórn telur nauðsynlegt að fela skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra meiri kennslu en tilgreint er í bókun 11 þarf að leita samþykkis samstarfsnefndar. Sé frekari kennsla samþykkt af samstarfsnefnd skal hún greidd m.v. launaflokk 237 – 3. þrep samkvæmt launatöflu Félags grunnskólakennara.

Bókun 1 með kjarasamningum fjallar um húsnæði grunnskóla sem er einnig nýtt til annars reksturs, t.d. tónlistarskóla eða leikskóla. Erfiðlega gekk að ná samkomulagi um túlkun bókunarinnar en samkvæmt niðurstöðu samstarfsnefndar frá því í maí 2007 skal sveitarstjórn í samráði við skólastjóra leggja mat á umfang þeirrar vinnu og heimilt er að greiða fyrir hana 1. október og 1. febrúar ár hvert. Miða skal við að greiða yfirvinnu að hámarki 18 klukkustundir í hvort sinn m.v. launaflokk 237 – 3. þrep samkvæmt launatöflu Félags grunnskólakennara.

Ef sveitarstjórn ræður skólastjóra til þess að sinna einhverjum öðrum störfum en skólastjórnun/kennslu samkvæmt bókun



Ljósmynd: Steinnur Jónsdóttir

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ

5 er ekki greitt fyrir þau störf samkvæmt SÍ hluta kjarasamnings KÍ og LN, heldur er greitt fyrir þessi störf samkvæmt þeim kjarasamningi sem þau falla undir.

Grunnröðun stjórnenda í launaflokka og þrep breytist ekki þó nemendum fækki á meðan sami aðili gegnir stöðunni en kennsluskylda getur breyst ef nemendafjöldi breytist og þá einnig leyfileg hámarkskennsla umfram skyldu.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi þetta eða annað er ykkur velkomid að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið [ingibjorg@ki.is](mailto:ingibjorg@ki.is)

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
Launafulltrúi KÍ

**Kennarar!**  
Munið eftir Spurt og svarað á  
[www.ki.is](http://www.ki.is)  
Þar eru svör við öllum  
mögulegum spurningum um  
sjóði, kaup og kjör.



*Bókmenntavefuninn*  
[www.bokmenntir.is](http://www.bokmenntir.is)

Allt um íslenska samtímahöfunda  
á Bókmenntavefunum

- greinar um verk höfunda
- pistlar frá höfundum
- verðlaun og viðurkenningar
- ritaskrár og fleira

Einnig greinar um nýjar bækur  
og fréttir úr bókmenntalífinu

[www.bokmenntir.is](http://www.bokmenntir.is)

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
Sími 563 1717 - [www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is)







Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

## DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í MENNTUNARFRÆÐUM



Skólaárið 2008 – 2009 er boðið upp á diplómu- og meistaranám í menntunarfræðum með áherslu á:

- almennt nám í menntunarfræðum
- kennslufræði-hlutverk umsjónarkennara
- kennslufræði-leiðsögn
- lestrarfræði
- menntastefnu og jafnréttismál – Nýtt haustið 2008
- sérkennslufræði
- skólaþróun
- stjórnun í skólastofnunum

Hægt er að ljúka 15 eða 30 eininga diplómunámi (Dipl.Ed.-gráðu) og 60 eininga meistaranámi (M.Ed.-gráðu). Kennt er í lotum og hefst námið með vikulangri lotu um mánaðarmótin ágúst/september.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á [www.unak.is](http://www.unak.is). Einnig er hægt að hafa samband við Ingólf Ásgeir Jóhannesson brautarstjóra framhaldsbrautar (sími 460 8558, [ingo@unak.is](mailto:ingo@unak.is)) og Rúnar Gunnarsson (sími 460 8081, [runarg@unak.is](mailto:runarg@unak.is)).

**FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. APRÍL 2008\***

\*Seinni umsóknarfrestur er til 5. júní. Athugið að takmarkaður fjöldi fær skólavist og umsækjendur í fyrri umgangi eiga betri möguleika að uppfylltum inntökuskilyrðum. Framboð náms er háð því skilyrði að næg þátttaka fáiast.



HÍN markaðssamskipti / SÍA

**Safnaðu þekkingu**  
- sæktu þér aukinn styrk

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Meðferð og túlkun á niðurstöðum  
alþjóðlega grunnskólaprófsins PISA:  
Í leit að sérstöðu Íslands  
hefst 13. feb

Netfíkn ungmenna  
- áhættuhópar, einkenni og úrræði  
hefst 14. feb

Sálgæsla barna og unglinga  
hefst 4. mars

Mannauðs- og breytinga-  
stjórnun í grunnskólum  
hefst 10. apríl

Íslenski þroskalistinn  
haldið 5. maí

Smábarnalistinn  
hefst 14. maí



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444  
[endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)

# Þingið að skella á og aðalfundir flestra aðildarfélaganna haldnir í mánuðinum fyrir þing



KENNARASAMBAND ÍSLANDS



FÉLAG TÓNLISTARSKÓLA-KENNARA



SKÓLALASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS



FÉLAG STJÓRNENDA Í FRAMHALDSSKÓLUM



FÉLAG LEIKSKÓLA-KENNARA



FÉLAG KENNARA Á EFTIRLAUNUM



FÉLAG GRUNNSKÓLA-KENNARA



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLA-KENNARA

Fjórða þing Kennarasambands Íslands verður haldið dagana 9., 10. og 11. apríl næstkomandi. Framhaldsskólinn og grunnskólinn eru með lausa samninga um svipað leyti, sá fyrrnefndi í apríllok og sá síðarnefndi í lok maí. Tónlistarskólinn og leikskólinn eru með lausa samninga í lok nóvember. Það er því mikið að gera í undirbúningi kjarasamninga og ljóst að kaup og kjör verða þingfulltrúum ofarlega í huga á þinginu. Aðalfyrirlesari á fjórða þingi KÍ er enginn annar en hinn beitti samfélagsrýnir **Þorvaldur Gylfason**.

Hann mun að vonum fjalla um kennaralaun í alþjóðlegu samhengi auk þess að ræða um margt fleira spennandi svo sem ólík rekstrarform skóla. Ekki er að efa að heitar umræður spretti upp í kjölfar fyrirlestrar Þorvaldar sem kallar ekki allt ömmu sína eins og kunnugt er.

## Málstofur í staðinn fyrir þema

Þingið verður með öðru sniði en venjulega, þ.e. í stað þess að áhersla sé lögð á eitt þema raða þingfulltrúar sér niður á nokkrar málstofur og fjallað verður um eitt viðamikilið málefni í hverri. Viðfangsefni málstofa verður kynnt í næsta tölublaði Skólavörðunnar en þegar er ljóst að hlutverk og framtíð skólans í samfélaginu, alþjóðlegir straumar og vinnuumhverfi og aðstæður kennara koma þar mjög við sögu.

Yfirskrift þingsins verður Kennaralaun og skólalastarfi í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Þingið er haldið á Grand Hótel og verður sett þann 9. apríl klukkan 14:30. Þann 10. apríl hefst dagskrá klukkan níu árdegis með ávarpi menntamálaráðherra **Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur** sem heldur betur reynist menntun og skólum hækka í horni þessa dagana með baráttu sinni fyrir hækkan kennaralauna í talsverðum óskiljanlegum mótbyr.

## Aðalfundir, framboð og kosningar

Innan tíðar mun kjörstjórn KÍ tilkynna um kjör formanns og varaformanns KÍ en aðrir stjórnarmenn eru kjörnir á vettvangi aðildarfélaganna.

Aðalfundir aðildarfélaganna eru flestir í mars en aðalfundur **Skólalastjórafélags Íslands** var haldinn á sama tíma og námstefna félagsins eða í október sl. Kristinn Breiðfjörð var sjálfkjörinn formaður og aðrir í stjórn voru einnig sjálfkjörnir, þau Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Þóroddur Kristjánsson, Unnar Þór Bødvarsson og Eyrún Skúladóttir.

Varamenn eru Sigurður Arnar Sigurðsson, Anna Guðmundsdóttir og Magnús J. Magnússon. Aðalfundurinn var sambættur námstefnunni en hann stóð yfir síðdegis 12. Október. Námstefnan hófst að morgni þess dags og lauk daginn eftir. Aðalfyrirlesari námstefnu og gestur félagsins var Dr. Pasi Sahlberg frá Finnlandi en erindi hans nefndist *Educational change for improving student learning*. Dr. Sahlberg lagði meðal annars áherslu á að breytingar verða ekki við að fylgja straumnum og breytingar á menntun eru nauðsynlegar og mögulegar utan ramma almennrar hugmyndafræði og aðgerðastefnu markaðshyggjunnar um umbætur. Glærur úr áhugaverðum fyrirlestri dr. Sahlbergs er að finna á [www.ki.is](http://www.ki.is) á vefsvæði Skólalastjórafélagsins.

Þegar þetta er ritað er búið að telja atkvæði í **Félagi framhaldsskólakennara** í kosningu til stjórnarkjörs og kjörstjórn að fara að senda frá sér niðurstöður. Aðalfundargögn FF, þar með talin dagskrá og upplýsingar um frambjóðendur til annarra stjórnna, ráða og nefnda, eru væntanleg mjög fljótlega á [www.ki.is](http://www.ki.is) og verða jafnvel komin þegar Skólavörðan berst lesendum sínum. Aðalfundur verður haldinn dagana 13. og 14. mars á Grand Hótel í Reykjavík. Fyrri daginn verður auk hefðbundinna aðalfundarstarfa haldin erindi um framhaldsskólann, kröfugerð, kjarasamninga, launapróun og menntafrumvörp og síðari daginn verða málstofur um svipuð efni.

Í **Félagi tónlistarskólakennara** verður gengið frá kjöri í stjórn félagsins og til annarra trúnaðarstarfa á aðalfundi. Aðalfundurinn verður haldinn á Lækjarbrekku í Reykjavík 29. febrúar frá klukkan 9:30-12:30 en að honum loknum, eða klukkustund síðar, hefst trúnaðarmannafundur hjá félaginu. Í fundarboði til trúnaðarmanna segir meðal annars: „Fundurinn mun skarast við aðalfund FT, sem verður haldinn sama dag á sama stað, á þann veg að málstofa um faglegt efni stendur einnig aðalfundargestum opin. Að sjálfsögðu vonumst við einnig til að sem flestir trúnaðarmenn sjái sér fært að sitja aðalfund félagsins þar sem m.a. verður kosið í stjórn og nefndir til næstu þriggja ára.“ Málstofan sem um er rætt ber yfirskriftina *Polifonia* og fjallar um samefnt viðamikilið rannsóknarverkefni sem unnið er í samstarfi Samtaka evrópskra tónlistarháskóla og Tónlistarháskólans í Malmö. Markmið verkefnisins var meðal annars að kortleggja tónlistarskóla í Evrópu með tilliti til mismunandi kerfa og nálgana



Kennarar í Detroit fóru í langt og biturt verkfall árið 1973 en ekkert slíkt er í auglýsingu hjá íslenskum kennurum um þessar mundir. Kennarar virðast frekar einfaldlega hætta og fara að gera eitthvað annað, með skelfilegum afleiðingum fyrir nemendur og menntakerfið í heild.

upp að háskólanámi. Auk kynninga á þessu spennandi verkefni fjalla Árni Sigurbjarnarson og Jón Hrólfur Sigurjónsson um kynnisferð til Finnlands í fyrra. Að framsögum loknum verður opnað fyrir umræður þar sem færi gefst á að ræða stöðu tónlistarskóla á Íslandi í ljósi þess sem fram hefur komið.

Ástæða er til að vekja athygli á því að viðamiklar lagabreytingatillögur verða ræddar og afgreiddar á aðalfundi FT að þessu sinni og ber sérstaklega að nefna nýja grein um fagrát tónlistarskóla sem lagt er til að verði komið á fót.

Aðalfundur **Félags leikskólakennara** verður haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 13. og 14. mars nk. Fundurinn verður settur fimmtudaginn 13 mars kl. 12:30. Yfirskrift fundarins er *Fljúga fiskar í leikskólum? Líðan í vinnunni – ábyrgð allra*. Fyrri hlutinn skírskotar til bókar sem heitir FISKUR eftir Stephen C. Lundin, Harry Paul og John Christensen. Hún var gefin út árið 2005 í þýðingu Sigríðar Á. Ásgrímsdóttur og fjallar um leiðir til að auka vinnugleði og bæta starfsárangur á vinnustað. Síðari hluti yfirskriftarinnar skýrir sig sjálfur og tengist beint boðskap „fisksins“. Stjórnin valdi þessa yfirskrift til að beina sjónum að starfsgleði og því jákvæða sem leikskólalastarfið hefur upp á að bjóða, tengja það við líðan í vinnu og hvað ræður mestu um hvernig okkur líður í vinnunni. Gestafyrirlesari á fundinum verður Lone Jensen uppeldisfræðingur og fjölskylduráðgjafi og mun hún fjalla um þetta efni. Hægt er að fræðast nánar um efnið á eftirfarandi slóð <http://www.vtlausn.is/Fiskur.htm>

Aðalfundargögn eru send út með minnst þriggja vikna fyrirvara og kynnt á heimasíðu FL um leið og þau liggja fyrir. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum til áheyrnar og

**Hvað brennur á þér?**

Í tilefni af þinginu sem í vændum er fórum við á stúfana og spurðum nokkra kennara hvað brynni heitast á þeim um þessar mundir.

**Þetta brennur á mér:**

„Hvað ætlast sveitarfélög fyrir með fimm ára börnin? Hefur það verið ígrundað hvernig námsumhverfi hentar ungum börnum best? Þetta brennur á mér af því að það eru uppi áform um að flytja fimm ára börnin inn í grunnskólann. Á hvaða forsendum yrði það gert?“

*Ásmundur Örnólfsson leikskólakennari*

**Þetta brennur á mér:**

„Að kennarar eru að hrökklast úr starfi í stórum stíl og leiðbeinendur hrúgast inn. Það er mikill skortur á fagfólki og gríðarlegt álag á þeim sem eru að starfa í grunnskólunum. Ég gæti útlístað þennan vanda í löngu máli en ég held að allir viti hvað við er átt. Ástandið er mjög slæmt.“

*Kristín Jónsdóttir grunnskólakennari*

**Þetta brennur á mér:**

„Það eru kjörin og álagið. Það virðist einhvern veginn vera svo að í hvert sinn sem samið er þá eykst álagið. Mér finnst ég finna fyrir því að fólk sé að hugsa um að fara. Það er fyrst og fremst þetta sem brennur á mér. Ég hef líka kennt í grunnskóla og það sem hefur verið að gerast þar lengi er að færast inn í framhaldsskólana. Menn eru múraðir inn í einhverja vinnutöflu.“

*Katrín Gunnarsdóttir framhaldsskólakennari*

**Þetta brennur á mér:**

„Launamálin! Hvenær rennur sá tími upp að við kennarar stöndum stolt og áhyggjulaus, vitandi vits að samfélagið viðurkennir að við erum að gera góða hluti og sú viðurkenning endurspeglar launum? Mér finnst starf kennarans vera hetjuskapur, og mér verður alveg eins hugsað til grunnskólakennara í þessu samhengi. Ég trúi ekki öðru en að kennarastarfið verði fyrr en síðar launað í réttu hlutfalli við hvað það er mikilvægt.“

*Elfa Lilja Gísladóttir tónlistarskólakennari*

eru þeir sem hyggjast sitja fundinn beðnir um að tilkynna það á netfangið [throstur@ki.is](mailto:throstur@ki.is). Sem kunnugt er hefur þegar verið kosið til stjórnar FL. Björg Bjarnadóttir var sjálfkjörin formaður. Úrslit í rafrænni kosningu voru sem hér segir.

**Kosning til varaformanns:** Á kjörskrá voru 1979. Atkvæði greiddu 936 eða 47,3% og auðir seðlar voru 20 eða 2,26% Ingibjörg Kristleifsdóttir hlaut 507 atkvæði og Marta Dögg Sigurðardóttir 409 atkvæði.

**Kosning til stjórnar:** Á kjörskrá voru 1979. Atkvæði greiddu 936 eða 47,3% og auðir seðlar voru 71 eða 7,6%. Aðalmenn í stjórn eru Björk Óttarsdóttir, Arnar Yngvason og Hrafnhildur Karlsdóttir. Varamenn voru kjörnir Inga Línal Finnbogadóttir, Jóna Rósa Stefánsdóttir og Margrét Rúnarsdóttir.

Aðalfundur **Félags grunnskólakennara** verður haldinn á Grand Hótel í Reykjavík fimmtudaginn 13. mars og föstudaginn 14. mars.

Mikil vinna hefur farið fram í félaginu undanfarnar vikur í tengslum við kjarasamninga og þegar þetta er ritað er fyrsti fundur samningsaðila í auglýsningu, líklega haldinn 20. febrúar. Fyrir nokkrum vikum fór samninganefndin í tveggja daga vinnuferð þar sem rætt var um helstu atriði sem við teljum að þurfi að vera í samningsmarkmiðum okkar fyrir næstu viðræður. Nú er verið að kynna samningsmarkmiðin meðal kennara um land allt. Nýverið skilaði vinnuhópur grunnskólakennara, skólastjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga af sér vinnu við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamálum til ársins 2020. Nú fer afrakstur þessarar vinnu í umfjöllun hjá þeim sem að samkomulaginu stóðu og í framhaldi af því verða helstu niðurstöður birtar. Hópurinn sem vinnur að greiningu kjarasamningsins hefur lokið við að setja saman sérstakan launagagnagrunn til að auðveldara verði að sjá hver raunveruleg laun grunnskólakennara eru. Einnig kemur þessi grunnur til með að nýtast við að meta kostnað við breytingar á kjarasamningnum þegar þar kemur. Aðilar hafa unnið að því að skilgreina og skoða viðmiðunarhópa kennara og skólastjórnenda. Þessari vinnu lauk í janúar.

keg

Nánar verður sagt frá undirbúningi fjórða þings og niðurstöðum aðalfunda í næsta tölublaði Skólavörðunnar auk þess sem aðildarfélög senda upplýsingar til sinna félagsmanna og fréttir eru birtar á [www.ki.is](http://www.ki.is)

**GETA til sjálfbærni**

Rannsóknarverkefni  
unnið hjá KHÍ og HA

Vakin er athygli á að menntamálaráðuneytið hefur auglýst styrki úr þróunarsjóðum leik- og grunnskóla.

**Umsóknarfrestur er til 3. mars 2008.**

Í leikskólum er m.a. óskað eftir verkefnum um hvernig börn læra og barnamenningu.

Í grunnskólum er m.a. óskað eftir verkefnum sem stuðla að menntun til sjálfbærrar þróunar með áherslu á að skapa virðingu fyrir náttúru og mannlífi. Einnig er óskað eftir verkefnum þar sem beitt er ýmiskonar aðferðum við að örva skapandi hugsun með samstarf, jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi.

Við Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefninu **GETA til sjálfbærni** til að stuðla að menntun til sjálfbærni og er nú leitað að **samstarfsskólum**, í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

<http://setur.khi.is/actionesd>

Rannsóknarhópurinn býður samráð og aðstoð við gerð umsókna í þróunarsjóðina.

Áhugasamir hafi samband hið fyrsta við:

Vegna leikskóla:

**Kristínu Norðdahl** ([knord@khi.is](mailto:knord@khi.is))

**Steinunni B. Geirdal** ([steigeir@khi.is](mailto:steigeir@khi.is))

Vegna grunnskóla:

**Gunnhildi Óskarsdóttur** ([gunn@khi.is](mailto:gunn@khi.is))

**Stefán Bergmann** ([stefanb@khi.is](mailto:stefanb@khi.is))

**Eygló Björnsdóttur** ([eyglob@unak.is](mailto:eyglob@unak.is))

Vegna framhaldsskóla:

**Björgu Pétursdóttur** ([bjorpetu@khi.is](mailto:bjorpetu@khi.is))



# Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007

Tilboðsverð fyrir félaga í Kennarasambandi Íslands

Í tilefni af því að á þessu skólaári eru liðin hundrað ár frá því að lög um fræðslu barna og um kennaraskóla tóku gildi, gefur Kennaraháskóli Íslands út veglegt rit um sögu alþýðufræðslu á Íslandi. Ritið er í tveimur bindum og með ríkulegu myndefni. Ritstjóri er **Lofurr Guttormsson** og aðalhöfundar auk hans eru **Helgi Skúli Kjartansson** og **Jón Torfi Jónasson**.

Félögum í Kennarasambandi Íslands gefst nú kostur á að eignast þetta glæsilega tveggja binda verk á sérstöku tilboðsverð, kr. 11.900, en fullt verð er 15.900 kr.

Jafnframt munu þeir sem taka tilboðinu og þess óska fá nafn sitt skráð á tabula gratulatoria í tilefni af hundrað ára afmæli fyrstu barnafræðslulaganna. Í þessu skyni geta félagsmenn fyllt út og sent eyðublað sem er á vefslóðinni <http://srr.khi.is> eða hringt í síma 563 3827.

Úr kaflanum *Fræðsluhefðin: kirkjuleg heimfræðsla*

Skrifarlærdómur í Borgarfirði um 1870

En þiltum var talið nauðsynlegt að læra skrift. Flesta vantaði þó margt til slíkra hluta [...] Við skrifarlærdóminn var allt nýtt og notað. Skrifað var á fjalir með krít, á sveil og snjóskafla með broddstöfum og með fingri á myglaða fjósrafta og héléaðar rúður ef ekki var annað betra fyrir hendi. Varð það líka að ávana fyrir sumum að vera

síklórandi og krotandi á allt sem í náðist. Allir vissu að fögur rithönd jók álit ungra manna í augum kvenna og varð það m.a. nokkur hvatning til þess að æfa þessa list. Og betra var hjá sjálfum sér að taka en sinn bróður að biðja ef menn vildu hefja bónorð bréflaga.

(Kristleifur Þorsteinsson: *Borgfirzk æska fyrir sjötíu árum*, s. 36–37.)

Úr kaflanum *Sjálfspróttir skólar*

Hví meiri þörf á barnaskólum í þéttbýli en til sveita?

Hvers vegna það sé nú enn meiri nauðsyn á barnaskólum í þéttbýlum og fjölmennum sjóþorpum heldur en til sveita verður nokkurn veginn auðsætt þegar menn fyrst og fremst aðgæta að á þessa staði safnast úr ýmsum áttum fjöldi manna og tekur sér þar bólfestu ... svo að með þessum hætti dregst þangað fjöldi af ráðlitlum fátæklingum sem hlaða niður mikilli ómegð og komast í því lík bágindi og volæði að það eru miklar líkur til að þeir hugsi flestir mest og sumir eingöngu um það hvernig þeir fái sefað hungur sitt og barna sinna, það er því ekki svo ólíklegt að þessir menn muni slá nokkuð slöku við uppræðingu barna sinna ...

(Páll Ingimundarson, Guðmundur Thorgrímson, Þ. Kolbeinsson: *Fáein orð um barnaskóla.*, s. 88.)

Úr kaflanum *Félagskerfi skólans*

Hnausþykkur hafragrautur að morgni – Heimavist Laugarnesskóla

Þar byrjaði dagurinn á hnausþykkum hafragraut



sem leit út og bragðaðist eins og veggfóðurslím og endaði á því að grautum hafði verið hrært saman við gallsúrt skyr og þetta átti maður að hesthúsa fyrir svefninn svo að meltingarfærin hefðu eitthvað að iðja á nóttunni.

(Þráinn Bertelsson, *Einhvers konar ég*, s. 125.)

Úr kaflanum *Í skólanum er skemmtilegt*

Skólalífið öðruvísi en hversdaglífið

Skólastjórinn í Bolungarvík, Baldvin Bergsson, ávarpaði nemendum sína með þessum orðum árið 1902:

Kæru börn! Gætið að því að skólalífið á að vera öðruvísi en hversdaglífið. Skólalífið á að vera fullkomnara. Skólabörn eiga að vera síðferðisbetri en önnur börn, þau eiga að þekkja af því að þau kunni að hegða sér vel og hafi lært að breyta eftir skólalífni. Lært það að vera góð og skemmtileg börn.

(Anna Rós Bergsdóttir: *Upphaf skólalífs í Bolungarvík*)

## Kennarar eiga að fá meiri völd í samfélaginu og þeim er treyst umfram aðrar stéttir

Þetta kemur fram í niðurstöðum hnatt-rænnar könnunar sem Gallup vann fyrir Alþjóða efnahagsráðið en niðurstöður könnunarinnar voru lagðar fram í morgun á Davos fundinum í Sviss.

Rúmlega sextíu þúsund manns í sextíu löndum voru spurðir hvaða stefnu þeir teldu að heims málin myndu taka á komandi árum með tilliti til efnahags, öryggis og fleiri mála. Meðal annars var spurt eftirfarandi tveggja spurninga:

- Hverjum eftirfarandi mannhópa treystirðu best? (Which of the following type of people do you trust?)
- Hverjum eftirfarandi mannhópa myndirðu vilja færa meiri völd í þínu landi? (Which of the following types of people would you like to give more power to in your country?)

Niðurstöðurnar eru óbyggjandi, kennarar eru í fyrsta sæti í báðum tilvikum. Alls nefna (á heimsvísu) 34 prósent kennara sem þann hóp sem þeir treysta best en í öðru sæti eru trúarleiðtogar með 27% svarenda á bak við sig. Í þriðja sæti eru leiðtogar í her/lögreglu með 18% og í því fjórða eru blaðamenn með 16%. Stjórnálamenn fá einungis tilstyrk 8% svarenda. Um hvaða mannhópum beri að færa auknið vald í samfélaginu svara 28% þátttakenda því svo að það séu kennarar. Fjórdungur (25%) nefna fræðimenn og rithöfundar (intellectuals), þá koma trúarleiðtogar með 21% og í fjórða sæti leiðtogar í her/lögreglu með 17%.

Á Íslandi eru svörin enn frekar kennurum í vil. Heil 46% segjast treysta kennurum umfram aðra hópa. Þá eru kennarar einnig í fyrsta sæti í sprungunni um völd en 30% íslenskra svarenda telja að kennarar eigi að komast til aukinna áhrifa í samfélaginu. Næstir á eftir koma fræðimenn og rithöfundar (intellectuals) með 25%.

## Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í grunnskólum skólaárið 2008-2009

Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjóraráfélags Íslands auglýsir styrki til félagsmanna sinna sem vinna að rannsóknum, þróunarverkefnum og nýbreytni í kennsluháttum í grunnskólum skólaárið 2008-2009.

Umsóknir sendist til Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík, í síðasta lagi **1. mars 2008**.

Umsóknareyðublað eru á heimasíðu Kennarasambandsins [ki.is](http://ki.is) og hjá fulltrúa sjóðsins sem veitir nánari upplýsingar.

Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ



## Námskeið á vorönn 2008



Námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara og sérsniðin námskeið fyrir skóla og skólaskrifstofur

- tölvunámskeið
- leiðbeinandi námsmat
- stærðfræði
- íslenska
- samskipti

**Skráning** í tölvupósti á [simennt@khi.is](mailto:simennt@khi.is), á neti og í síma 563-3980.

Einnig eru í boði **fyrirlestrar og ráðgjöf** um margvísleg málefni og **sérsniðin námskeið** að þörfum hvers skóla.

Nánari upplýsingar á <http://srr.khi.is>



# NORDPLUS

**Nordplus Junior styrkir samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla við skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum**

### Það sem er styrkt er:

- 1) Ferðir nemenda og kennara - mobility
- 2) Styrkir til samstarfsneta networks
- 3) Styrkir til samstarfsverkefna projects

Umsóknarfrestur er til 14. mars nk. fyrir verkefni frá 1. júní 2008 til 1. júní 2009.

Athygli er vakin á því að aðeins er sótt um einu sinni á ári.

Umsóknareyðublað ásamt umsóknarhandbók (Nordplus Handbook 2008) og leiðbeiningum með umsókn (ARS User Guide), er að finna á slóðinni: <http://www.nordplusonline.org/>

Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins/Landskrifstofu Nordplus [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is) • Sími 525 5813 • netföng: [aslaugj@hi.is](mailto:aslaugj@hi.is), [rz@hi.is](mailto:rz@hi.is).

# Kennaramenntun með því stysta sem þekkest í Evrópu

„Við verðum að hækka laun kennara“, sagði menntamálaráðherra á fundi sjálfstæðismanna ekki alls fyrir löngu. Fjármálaráðherra var ekki sammála en það var hins vegar bæjarstjóri Seltjarnarness í Morgunblaðinu tveimur vikum síðar.

Kennarar eru allir sammála Jónmundi bæjarstjóra og Þorgerði okkar Katrínu sem sagði við sama tækifæri að kennaramenntunarfurvarpinu væri ætlað að styrkja stöðu kennara og auka virðingu fyrir stéttinni, leikskólinn væri fyrsta skólastigið og því sjálfsgætt að leikskólakennarar þyrftu einnig meistaragráðu. Sem kunnugt er hafa borgarráð, Samband íslenskra sveitarfélaga og nú síðast ASÍ gagnrýnt kennaramenntunarfurvarpið, meðal annars á þeim forsendum að þá verði erfiðara að manna leik- og grunnskóla. Athygli vekur að umsagnir SÍS og borgarráðs skuli vera fullkomlega í blóra við afstöðu ráðherra, kennaramenntunarfurvarpinu í landinu og síðast en ekki síst Kennarasambandsins

## KÍ fagnar menntafrumvörpum

### Um framhaldsskólafrumvarpið:

Frumvarpið felur í sér mörg nýmæli og áform um aukna þjónustu við nemendur. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr miðstýringu í námi og námsframboði og meiri ábyrgð verði færð til skólanna. KÍ leggur áherslu á að endir fylgi orðum og fjárveitingar til skólanna breytist í samræmi við þessa stefnu.

### Um leikskólafrumvarpið:

KÍ fagnar frumvarpi til laga um leikskóla og segir í umsögn um frumvarpið að tímabært hafi verið orðið að endurskoða lög um leikskóla í ljósi reynslu síðustu ára og þróunar sem orðið hefur í samfélaginu.

### Um grunnskólafrumvarpið:

KÍ hefur sent Alþingi umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla og gerir athugasemdir við ýmis atriði þess. KÍ telur þó að í frumvarpinu felist ýmis mikilvæg nýmæli sem stuðlað geti að skilvirkara og árangursríkara skólustarfi.

### Um kennaramenntunarfurvarpið:

KÍ fagnar frumvarpinu og tekur heilshugar undir þau rök að tímabært sé að efla kennaramenntun og gera meistaragráðu eða sambærileg námslok að skilyrði fyrir veitingu leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

**Kennarar! Lesið umsagnir KÍ um menntafrumvörpin á [www.ki.is](http://www.ki.is)**

en þess má geta að varaformaður KÍ rökstuddi lengingu kennaranáms á prenti löngu áður en umsagnir þessara aðila og sporgöngumannanna í ASÍ voru lagðar fram.

Elna Katrín Jónsdóttir sat ásamt fleirum í starfshópi menntamálaráðuneytis um framtíðarskipan kennaramenntunar og í desember sl. birtist eftir hana grein um kennaramenntun í tímaritinu Uppeldi og menntun sem gefið er út af Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við HÍ og HA. Í greininni fjallar Elna Katrín um breytingar á kennarastarfinu sem valdi því að nauðsynlegt sé að efla kennaramenntun með lengingu námsins. Hún vitnar þessu til stuðnings meðal annars í tvær skýrslur framkvæmdastjórnar Evrópuráðsins, *Improving the quality of teacher education* frá 2007 og *Common European principles for teacher competences and qualifications* frá 2005. Þar er fjallað um breyttar og auknar kröfur til kennara og lögð áhersla á að auka þurfi gæði og inntak kennaranáms ásamt því sem bent er á slaka stöðu símenntunar kennara í mörgum Evrópulöndum. Þá segir m.a. í grein Elnu: „Meðallengd kennaramenntunar í OECD löndunum er rúmlega fjögur ár fyrir grunnskólakennara og um fimm ár fyrir framhaldsskólakennara. Svokallað kandidatsár bætist sumstaðar við lokaprófið áður en fullum kennuréttindum er náð og í sumum löndum þurfa kennaraefni að þreyta sérstök kennarapróf. Kennaramenntun á Íslandi er með því stysta sem þekkest í Evrópu, eða þriggja ára háskólapróf, B.Ed gráða fyrir leik- og grunnskólakennara

og þriggja ára háskólagráða, BA/BS próf eða sambærileg próf, ásamt eins árs kennslu- og uppeldisfræðimenntun, eða fjögurra ára lágmarksmenntun fyrir framhaldsskólakennara í bóklegum greinum, en iðnmeistararéttindi ásamt kennslu- og uppeldisfræðimenntun á háskólastigi fyrir starfsmenntakennara.“ Starfshópur um framtíðarskipan kennaramenntunar lagði til að menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara yrði lengd „og hún löguð að Bologna-ferlinu um skipan háskólanáms í Evrópu sem Ísland tekur þátt í. Kennaranám verði skipulagt sem þriggja ára grunnnám og tveggja ára framhaldsnám til meistaraprófs... Niðurstöður starfshópsins um lengingu kennaramenntunar á Íslandi eru studdar svipuðum rökum og sú samevrópska menntaumuræða og tillögugerð sem reifuð er stuttlega hér að framan. Dýpkun faglegra og fræðilegra viðfangsefna og meiri breidd í menntun kennara er í samræmi við auknar kröfur til kennarastarfsins, breytt og fleiri viðfangsefni kennara og nýja þekkingu á tengslum menntunar og samfélagsþróunar.“

Víðtæk samstaða fagaðila, kennaramenntunarfurvarpinu og menntayfirvalda landsins er um lengingu kennaramenntunar og umsagnir borgarráðs og SÍS vekja furðu bæði þess vegna og eins vegna þess að þær ganga í berhöggt við samevrópska þróun og samræðu á þessu sviði.

Greinin **Kennaramenntun í allra þágu** eftir Elnu Katrínu Jónsdóttur er í nýjasta tölublaði Uppeldis og menntunar og hana er einnig hægt að lesa á [www.ki.is](http://www.ki.is)

keg

## ASÍ á móti menntun

**Kennurum krossbrá þegar frétt birtist á mbl.is um miðjan febrúar þar sem fjallað var um umsögn ASÍ um menntafrumvörpin. Þar ræð sambandið á sömu mið og SÍS og borgarráð og gagnrýnir lengingu kennaramenntunar auk þess sem gagnrýnd er lögbinding kennaramenntunar hjá tveimur þriðju hlutum starfsmanna í leikskólum.**

Þetta og fleira sem gagnrýnt er getur fólk kynnt sér á vef sambandsins [www.asi.is](http://www.asi.is) en umsagnir þess um frumvörpin eru þar að finna. „Er ASÍ líka á móti aukinni menntun líkt og SÍS?“ spyr Sigurður Haukur Gíslason grunnskólakennari, formaður Kennarafélags Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kópavogs og stjórnarmaður í FG á blogginnu nýverið. Þá segir Sigurður Haukur: „Hvernig stendur á því að ASÍ tekur undir sjónarmið (og þar með metnaðarleysi) SÍS? ... Er það

hlutverk ASÍ að draga úr metnaðarfullum kröfum Menntamálaráðuneytis varðandi framtíðarmenntun þjóðarinnar? Hvaða tilgangi þjónar þetta? Ástæða þess að erfiðlega gengur að manna grunn- og leikskóla eru lág laun. Að halda öðru fram er rangt og gert til þess að draga athyglina frá kjarna málsins. Og er ASÍ í alvörinni á móti því að hlutfall leikskólakennara í leikskólum verði í framtíðinni að lágmarki 67%? Er ASÍ sömu skoðunar varðandi heilbrigðiskerfið? Það er kannski nóg að 67% af þeim sem starfa við lækningar hafi tilskylda menntun?“

Hvernig ætli ASÍ bregðist við ef kennarar reyna að standa í vegi fyrir aukinni menntun og símenntun starfsmanna hjúkrunarheimila, vélstjóra og rafvirkja?

keg



# Tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar

Samnorræn ráðstefna í KHÍ 21.-24. maí 2008

Í undirbúningi er ráðstefna þar sem samstarf skóla og stofnana sem annast kennaramenntun verður í brennidepli og fjallað um tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar frá ýmsum sjónarhornum. Í málstofum og á fyrirlestrum ætla menn að velja fyrir sér spurningum eins og: Hvað læra nemendur í kennaraháskólum? Hvað og hvernig læra þeir á vettvangi? Hvernig er ábyrgð á menntun kennaranema deilt og hvernig er hægt að efla samstarf milli aðila? Hvernig geta kennaraháskólar stutt þróunarstarf? Hvernig geta skólarnir haft áhrif á kennaramenntunina?

Kennaraháskóli Íslands stendur fyrir ráðstefnunni. Hún er opin öllum sem starfa að kennaramenntun á Norðurlöndunum, jafnt á háskólastigi sem í almennum skólum og æfingaskólum þar sem þeir eru við lýði. Landsbankinn er bakhjarl ráðstefnunnar og styrkir hana veglega. Styrkurinn er m.a. notaður til að greiða niður ráðstefnugjöld og hvetja þannig til þátttöku kennara á öllum skólastigum. Ráðstefnugjaldið er 9000 krónur fyrir íslenska þátttakendur sem skrá sig tímanlega en 15000 krónur eftir það. Vettvangsnám er mikilvægur þáttur í menntun kennaranema og kennara sem leiðbeina kennaranemum til dæmis í æfingakennslu eru sérstaklega hvattir til að taka þátt. Skráning og nánari upplýsingar eru á heimasíðu ráðstefnunnar [www.yourhost.is/khi2008](http://www.yourhost.is/khi2008)

Þema ráðstefnunnar, tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar, er ofarlega á baugi í skólamálaumræðunni nú. Kennaraháskóli Íslands er að efla samstarf sitt við vettvanginn, hefur m.a. gert samninga við leik- og grunnskóla um að vera heimaskólar kennaranema á námstíma þeirra og verið er að endurskipuleggja allt vettvangsnám. Þessi tengsl eru líka til skoðunar í nágrannalöndunum þar sem eðli og gildi vettvangsnáms er mjög til umræðu. Í málstofum mun fjöldi íslenskra og erlendra þátttakenda kynna athyglisverð rannsóknarverkefni. Fjallað verður um nýjar leiðir í samvinnu þeirra skólastiga sem sjá um menntun kennara, þróunarstarf í ýmsum námsgreinum á vettvangi skóla og kennaramenntunar, stuðning við kennara á fyrstu árum í starfi, hvernig samvinna stuðlar að nýtingu rannsókna í skólastarfi, tækni í kennaranámi og starfi, þróun kennaramenntunar á Norðurlöndunum, í Evrópu og á heimsvísu og margt fleira. Dagskráin verður birt á vef ráðstefnunnar.

Fólk í fremstu röð mun halda aðalfyrirlestra ráðstefnunnar. Það eru Anne Edwards, prófessor við Oxfordháskóla, Hannu Simola,

prófessor við Helsinkiháskóla, Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands og þær Sanne Lillemor Hansen og Hanne Schneider, lektorar við N. Zahles Seminarium í Kaupmannahöfn. Ráðstefnan verður fjöltyngd, fyrirlestrar og erindi á málstofum verða ýmist á ensku eða skandinavískum málum.

Þetta er í fyrsta sinn sem samnorræna ráðstefnan um kennaramenntun verður hér á landi. Slíkar ráðstefnur hafa verið

haldnar annað hvert ár og þessi verður sú tíunda í röðinni. Í undirbúningsnefnd KHÍ fyrir ráðstefnuna eru Kristín Jónsdóttir, formaður, Gunnhildur Óskarsdóttir, Þórunn Erna Jessen og Þuríður Jóhannsdóttir. Þær svara gjarnan fyrirspurnum um ráðstefnuna en skráning og upplýsingar um dagskrána, fyrirlesara, skemmtan og skoðunarferðir eru á [www.yourhost.is/khi2008](http://www.yourhost.is/khi2008)

keg



Ljósmynd frá KHÍ

Samningur um stuðning Landsbankans við ráðstefnuna var undirritaður þann 14. febrúar sl. Undir hann skrifuðu Kristín Jónsdóttir lektor og formaður skipulagsnefndar ráðstefnunnar, Ólafur Proppé rektor Kennaraháskóla Íslands, Elín Sigfúsdóttir framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans og Viggó Ásgeirsson forstöðumaður markaðs- og vefdeildar Landsbankans.

10. norræna ráðstefnan um kennaramenntun:

## Tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar

21. – 24. maí 2008 í Kennaraháskóla Íslands

Nánari upplýsingar á heimasíðu ráðstefnunnar: [www.yourhost.is/khi2008](http://www.yourhost.is/khi2008)

### Stefnumót um kennaramenntun

Velkomin á 10. norrænu ráðstefnuna um kennaramenntun. Markmið ráðstefnunnar er að skoða tengsl Kennaramenntunar og skólaþróunar. Samstarf skóla og stofnana sem annast kennaramenntun er í brennidepli: Hvað læra nemendur í kennaraháskólum? Hvað og hvernig læra þeir á vettvangi? Hvernig er ábyrgð á menntun kennaranema deilt og hvernig er hægt að efla samstarf milli aðila?

Kennaraháskóli Íslands verður 100 ára á þessu skólaári og mun í júlí 2008 sameinast Háskóla Íslands. Í tilefni þessa efnum við til ráðstefnunnar og vonumst eftir gefandi og gagnlegum umræðum um þemað: Tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar.

Ólafur Proppé  
Rektor KHÍ

#### Aðalfyrirlesarar

Anne Edwards, prófessor, Oxfordháskóla  
Hannu Simola, prófessor, Helsinkiháskóla  
Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent,  
Kennaraháskóla Íslands  
Sanne Lillemor Hansen, lektor, og  
Hanne Schneider, lektor, N. Zahles Seminarium  
í Kaupmannahöfn

#### Erindi, skráning og ráðstefnugjald

Framlag þátttakenda í form stuttra erinda er mikilvægt sem og þátttaka í umræðum á málstofum. Þeir sem vilja senda tilögur að erindum sér í þessu heimasíðu ráðstefnunnar [www.yourhost.is/khi2008](http://www.yourhost.is/khi2008)

Ráðstefnugjaldið er 9000 krónur fyrir íslenska þátttakendur sem skrá sig fyrir 20. febrúar 2008 en 15000 krónur eftir það.

#### Undirbúningsnefnd KHÍ

Kristín Jónsdóttir, lektor, formaður  
Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent  
Þórunn Erna Jessen, aðjúnt  
Þuríður Jóhannsdóttir, lektor

Landsbankinn er meginstyrktaraði ráðstefnunnar. Styrkurinn er m.a. notaður til að greiða niður ráðstefnugjöldin og hvetja þannig til þátttöku kennara á öllum skólastigum sem starfa að kennaramenntun.

#### Tímamörk

Síðustu forvöld til að skrá ágríp af erindi eru 20. desember 2007  
Tilkypping um hvort erindi hafa verið samþykkt berst í síðasta lagi 20. janúar 2008.

Tilkyppingu um þátttöku í ráðstefnunni á að skrá á heimasíðunni [www.yourhost.is/khi2008](http://www.yourhost.is/khi2008)

Ráðstefnuskrifstofa: **GESTAHOTTAKAN**  
YOUR HOST IN ICELAND



Kennaraháskóli Íslands | v/Stakkahlíð | 105 Reykjavík | khi.is

# Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn

Dagur leikskólans var í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur þann 6. Febrúar sl. og það er meira en nægt tilefni til að vekja duglega athygli á leikskólastiginu í Skólavörðunni að þessu sinni. Það voru Félag leikskólakennara, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli sem tóku höndum saman um að stuðla að því að beina sérstakri athygli að leikskólanum og því góða og fjölbreytta mennta- og uppeldisstarfi sem þar fer fram.

Sagt er frá einni af gjöfulem menntastefnum leikskólans, **Reggio Emilia**, og samstarfsdegi kennara sem vinna í þeim anda á næstu síðum eftir að hafa staldrað stuttlega við dag leikskólans og inntak leikskólamenntunar.

Markmiðið með degi leikskólans er einkum að gera þegna samfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn, skapa jákvæða ímynd um leikskólakennslu og auka áhuga fólks á því að starfa í leikskólum. Í tilefni dagsins var gefið út kynningarrit sem afhent var öllum leikskólabörnum á Íslandi og fjölskyldum þeirra. Að þessu sinni vildi svo skemmtilega til að daginn bar upp á Öskudag. Aðstandendum fannst takast vel til með þennan fyrsta dag leikskólans, greinar birtust í dagblöðum og fréttir um daginn voru á heimasíðum nær allra sveitarfélaga. Þá brugðu ýmsir leikskólar á leik í tilefni dagsins og meðal annarra viðburða má nefna að efnt var til sýninga á verkum leikskólabarna. Í Kópavogi var gefið út veglegt veggspjald í tilefni dagsins. Spennandi verður að fylgjast með hvernig til tekst 6. febrúar á næsta ári og víst er að dagur leikskólans er kominn til að vera.

## Við bjóðum góðan dag – alla daga

Í tilefni af degi leikskólans 6. Febrúar sl. skrifuðu **Björg Bjarnadóttir** formaður Félags leikskólakennara og **Þróstur Brynjarsson** varaformaður grein sem birtist í Morgunblaðinu. Þar sögðu þau meðal annars:

„Það er eftir því tekið hversu leikskólastarfsemi hefur aðlagð sig breyttum þjóðfélagsháttum. Þjónustan er góð og fagmennska eykst í takt við auknar kröfur... Það hefur komið fram í fjölmörgum könnunum að starfsánægja mælist hvergi meiri en í leikskólum... Í leikskólum er mikið faglegt svigrúm og því er hugmyndafræðin mismunandi og áherslur frá leikskóla til leikskóla geta verið mjög ólíkar. Í leikskólanum fer fram einstaklingsmiðað nám og gengið er út frá því að börn búi yfir getu og vilja til að læra svo fremi að umhverfið sé áhugavert

og hvetjandi og viðmót hinna fullorðnu einkennist af virðingu og alúð... Ef börn hafa ögrandi efnivið eða eitthvað skemmtileg að fást við eru þau ánægð. Glöð einlæg börn sem hrífast af viðfangsefninu eru miklir gleðigjafar og eiga án efa mikinn þátt í því að starfsánægja mælist há... Til að auka jákvæða umræðu og varpa ljósi á mikilvægi leikskólans í samfélaginu hefur verið ákveðið að tileinka honum einn dag á ári, 6. febrúar. Að þessu verkefni standa ásamt Félagi leikskólakennara menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli. Þessum aðilum eru færðar þakkir fyrir áhugann sem verkefninu var sýnt og þess vænst að það verði mikilvægur hlekkur í áframhaldandi góðu samstarfi þessara hagsmunaaðila. Við bjóðum góðan leikskóladag – alla daga.“



í tilefni af degi leikskólans leituðu kennarar í leikskólum Grafarholts í Reykjavík eftir samvinnu við fyrirtæki í hverfinu og fengu að setja upp myndlistarsýningu á verkum leikskólabarna. Verk barnanna í Reynisholti, Geislabaugi og Maríuborg glöddu dögum saman gesti og viðskiptavinum Húsasmíðjunnar, Blómavals, Landsbankans og fyrirtækjanna á háholtinu við Kirkjustétt. Auk listaverkanna var bæklingurinn um dag leikskólans hengdur upp á þessum stöðum.





LJósmyndir frá höfundum

## Íslenskir skólar með ítölskum keim

Leikskólastarf í anda Reggio Emilia

Nýverið fréttum við hjá Skólavörðunni af skólaþróunardegi um Reggio Emilia hugmynda- og aðferðafræðina í skólastarfi. Þessi aðferð og hugmyndir henni tengdar er mörgu leikskólafólki að góðu kunn en ef til vill síður þekkt á öðrum skólastigum. Við fengum tvo skólastjóra sem áttu veg og vanda af skipulagi dagsins ásamt samstarfsfólki sínu til að segja frá Reggio Emilia skólaþróunardeginum og nýstofnuðu félagi áhugafólks um skólastarf í þessum anda. Gefum Eddu Valsdóttur og Hólmfríði K. Sigmarsdóttur orðið.

Leikskólastarf í anda Reggio Emilia á rætur sínar að rekja til samnefnds bæjar á norður Ítalíu. Starfið byggist á virðingu fyrir börnum sem sjálfstæðum einstaklingum, trú á getu þeirra, hæfileika og sköpunarmátt. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæðar ákvarðanir barna og lýðræðisleg vinnubrögð og að börn og starfsfólk vinni að námsleiðum sínum í sameiningu, séu samverkamenn. Allri tjáningu og tungumáli barna ber mikil virðing og lagt er upp úr því að hver og einn sé viðurkenndur eins og hann er. Starfið er sprottið úr grasrót foreldra og aðal hugmyndasmiður vinnuaðferðarinnar er Loris Malaguzzi, sálfræðingur og kennari.

Til Íslands barst starfsaðferðin fyrir tilstilli nýútskrifaðra leikskólakennara um það leyti sem leikskólinn Marbakki í Kópavogi opnaði. Leikskólakennarar sem réðu sig til starfa á Marbakka við opnun hans árið 1986 fengu fljótlega styrk frá menntamálaráðuneyti til að þróa og innleiða þessa kennsluhætti. Síðan hefur starfið í leikskólanum Marbakka ætíð tekið mið af Reggio Emilia aðferðinni.

Mikil áhersla er lögð á sjálfstæðar ákvarðanir barna og lýðræðisleg vinnubrögð og að börn og starfsfólk vinni að námsleiðum sínum í sameiningu, séu samverkamenn. Allri tjáningu og tungumáli barna ber mikil virðing og lagt er upp úr því að hver og einn sé viðurkenndur eins og hann er.

Liðin eru rúmlega tuttugu ár og starfsaðferðin hefur hægt og bítandi skapað sér virðingu og fastan sess í leikskólastarfi. Í Kópavogi starfa nú þrjár leikskólar í anda Reggio Emilia en þeir eru, auk Marbakka, leikskólinn Fagrabrekka og nýjasti leikskólinn í Kópavogi, Baugur.

Í leikskólanum Fögrubrekku hefur á síðustu árum verið unnið að því að samþætta tónlistarstarf og hreyfingu við starfsaðferðir Reggio Emilia með mjög góðum árangri.

Margir leikskólar víðsvegar um landið hafa tileinkað sér starfsaðferðina og enn aðrir styðjast að hluta við hana í starfi sínu. Leikskólar sem starfa í anda Reggio Emilia á Íslandi eru nú um þrjátíu talsins, víðsvegar um landið. Þess má geta að á undanförunum árum hefur Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands kynnt og kennt um Reggio Emilia í leikskólakennaradeildum sínum.

### Stofnfundur Samtaka áhugafólks um starf í anda Reggio Emilia - SARE

Þann 13. september 2007 stofnaði hópur fólks, sem hefur lengi starfað með börnum í anda Reggio Emilia, samtök sem hlutu heitið SARE. Nafnið stendur fyrir „Samtök áhugafólks um skólastarf í anda Reggio Emilia“. Það

fólk sem starfar í anda þessarar hugmynda- og aðferðarfræði leggur gagnrýna hugsun og skapandi starf barna til grundvallar í öllu starfi leikskólans. Ofuráhersla er lögð á áhrif barna, kennara og umhverfis á hvert annað og er markmið samtakanna m.a. að stuðla að uppeldi lýðræðissinnaðra frumkvöðla, ekki fylgjenda.

Í drögum að markmiðum samtakanna segir:

### Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því að:

- Standa fyrir málþingum, námskeiðum, ráðstefnum og samstarfsdögum um starf í anda Reggio Emilia.
- Taka þátt í og hafa frumkvæði að verk efnum þar sem hugmyndafræði Reggio Emilia er lögð til grundvallar.
- Halda úti heimasíðu þar sem félagar samtakanna geta skipst á upplýsingum og hugmyndum um allt það er varðar markmið félagsins.
- Hvetja til og standa að útgáfu um starf í anda Reggio Emilia eftir því sem efni og aðstæður leyfa.
- Stuðla að samfélagslegri umræðu um starf í anda Reggio Emilia.





### Kynning og námskeið

SARE samtökin stóðu fyrir almennri kynningu í Kennaraháskóla Íslands um „Starf í anda Reggio Emilia“, þann 15. nóvember sl. Fyrirlesarar voru þær **Guðrún Alda Harðardóttir** dósent við Háskólann á Akureyri og leikskólaráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og **Kristín Karlsdóttir** lektor við Kennaraháskóla Íslands. Í fyrirlestrinum var fjallað um viðhorf til náms og hvernig þau endurspeglast í starfi leikskóla Reggio Emilia. Fyrirlesturinn var einkum ætlaður þeim sem eru að byrja að feta sig áfram í starfi í anda Reggio Emilia eða sem upprifjun fyrir þá sem lengra eru komnir.

Stutt námskeið var svo haldið á vegum SARE þann 29. nóvember 2007. **Kári Halldór** leiklistarstjóri, leikstjóri, leiklistarkennari og tjátækniþjálfari hélt fyrirlestur undir titlinum „Tjáning - mikilvægasta verkfæri kennarans“. Kári kynnti grunn að markvissri og áhrifaríkri sjálfsþjálfunaraðferð, „tjåtækni“ sem byggist á sk. tjáendlisfræði mannsins. Að sögn Kára miðar tjátækni að því að skapa meðvitund um undirstöðuatriði mannlegrar tjáningar og á hvaða hátt megi virkja þau. Megináhersla er lögð á að einbeita sér að því sem er aðgengilegt og gefa þátttakendum verkfæri sem þeir geta hagnýtt sér í lífi og starfi.

### Skólaþróunardagur SARE í Stekkjarás

Fyrsti skólaþróunardagur SARE samtakanna var haldinn 26. janúar 2008 í leikskólanum Stekkjarási í Hafnarfirði. Þátttakendur voru um 150 og komu víðsvegar af landinu, m.a. frá leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

Þennan morgun var hríðarél og kuldi í lofti. Ekki var annað hægt en dást að þátttakendum, það var þrekvirki að koma í þessu kalsaveðri en eitthvað var það sem laðaði þá að leikskólanum Stekkjarási árla laugardags. Það kom í ljós; þátttakendur komu til að hitta aðra kennara sem deila þeirri uppeldislegu sýn á barnið að það eigi að lifa og starfa á sínum eigin forsendum en ekki hins fullorðna. Kennarar sem hafa óskoraða trú á getu og mátt barnsins. Auðvitað var markmiðið líka að bæta við þekkingu sína um hugmyndafræði

Reggio Emilia. Þungi skipulagningar og framkvæmdar var í höndum stjórnenda og kennara í leikskólunum Fögrubrekku og Marbakka enda liggur mikil reynsla og þekking á starfi með börnum í anda Reggio í þeim hópi. Stjórnendur og kennarar leikskólans Stekkjarás í Hafnarfirði unnu ótult starf með framangreindum og Kristín Dýrfjörð formaður SARE var nefndinni innan handar við skipulagningu.

Eftir að tekið hafði verið á móti fólkinu á sal skiptu þátttakendur sér niður á **málstofur** sem voru hver annarri áhugaverðari eins og nú verður reifað:

### Stöðvavinna í Reggio Emilia:

Sigrún Ósk Gunnarsdóttir og Irpa Sjöfn Gestsdóttir kennarar á Marbakka sögðu frá innleiðingu stöðvavinnu sem nýrri nálgun í námi barna. Hugmyndina fengu kennararnir vorið 2006 þegar farið var í námsferð til Svíþjóðar að skoða leikskóla sem unnu með slíka hugmyndafræði. Það sem heillaði mest var hvernig hún nálgast áhugasvið einstaklingsins út frá vali og ýtir undir lýðræði og lífsleikni í leikskólanámi. Í stöðvavinnu velja börnin sjálf hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa. Kennarar hlusta eftir því hvar áhugi barnanna liggur hverju sinni, grípa tækifærið og gefa þeim færi á að velja sér verkefni sem hvetur þau til hugsunar og að leita lausna. Börnin þurfa að vinna saman í mismunandi hópum að sameiginlegum markmiðum. Þau þurfa að læra að taka tillit hvert til annars sem er grundvöllur að góðum samskiptum, eflir samstarf og vináttu.

### Mikilvægi umhverfisins:

Valborg Jónsdóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir kennarar á Marbakka fjölluðu um hvernig umhverfið er uppbyggt og áhrif þess á virkni og nám barna. Í leikskólum sem vinna í anda Reggio Emilia er litið á umhverfið sem þriðja kennarann. Það verður að vera sveigjanlegt og meðfærilegt til þess að þjóna tilgangi sínum. Leggjja þarf áherslu á að rými sé gott og hvetjandi fyrir sköpunargáfu og samskipti barna. Með uppgötvunum notar barnið

**Það sem heillaði mest var hvernig hún nálgast áhugasvið einstaklingsins út frá vali og ýtir undir lýðræði og lífsleikni í leikskólanámi. Í stöðvavinnu velja börnin sjálf hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa.**

**Herbergi eiga að vera falleg og stílhrein, litirnir hreinir. Malaguzzi sagði að rýmið ætti að endurspeglar menningu, viðhorf og gildismat þeirra sem lifa og hrærast í viðkomandi samfélagi.**

rannsóknaraðferðir og í Reggio Emilia er litið á menntun sem rannsóknarferli.

Samkvæmt Reggio eru þarfar barnanna í fyrirrúmi, unnið er út frá þeim sjálfum, horft á vinnu þeirra, hlustað á þau og skoðanir þeirra virtar. Herbergi eiga að vera falleg og stílhrein, litirnir hreinir. Malaguzzi sagði að rýmið ætti að endurspeglar menningu, viðhorf og gildismat þeirra sem lifa og hrærast í viðkomandi samfélagi. Í umhverfinu eiga sér stað samskipti þar sem raddir barna, foreldra og kennara heyrast. Þessar raddir eru dýrmætar og birtast á margs konar hátt, til dæmis í formi orða, talna og listsköpunar. Carlina Rinaldi segir að rýmið hafi sitt eigið dulmál. „Rýmið endurspeglar okkur, en við endurspeglum einnig rýmið. Hvaða skilaboð sendir herbergið með tilliti til innréttinga? Getur barnið bjargað sér sjálft? Getur það skipt sjálft um stellingu til að láta sér líða betur? Eða er það naubeygt til að sitja lengi

**Carlina Rinaldi segir að rýmið hafi sitt eigið dulmál. „Rýmið endurspeglar okkur, en við endurspeglum einnig rýmið. Hvaða skilaboð sendir herbergið með tilliti til innréttinga? Getur barnið bjargað sér sjálft? Getur það skipt sjálf um stellingu til að láta sér líða betur? Eða er það nauðbeygt til að sitja lengi í sömu stellingunni og getur ekki sagt að það sé þreytt?“**

í sömu stellingunni og getur ekki sagt að það sé þreytt?“ Eins og áður hefur verið talað um þarf umhverfi leikskóla sem starfa í anda Reggio að vera meðfærilegt og sveigjanlegt. „Í leikskólanum hjá okkur,“ upplýstu Valborg og Ingibjörg, „breytum við stundum vikulega og notum tjöld, borð og skápa til að búa til rými í rýminu.“

#### Uppeldisleg skráning:

Ingibjörg Erla Björnsdóttir kennari í Fögrubrekku sagði frá verkefni sem 4-5 ára börn unnu í skólanum. Í september 2004 voru börnin í Græna kisuhópi stödd í tólmstundasal og sátu við borð ásamt kennurum sínum. Þeim hafði verið gefið hvítt bómullarefni í litlum óreglulega hringlaga bútum. Efnid var sett á borðið fyrir framan hópinn og börnin spurð hvað væri hægt að gera við það. „Sauma úr því, þrifa það,“ voru meðal annars svörin sem þau gáfu. Þetta varð upphafið að miklu meira starfi. Efnisbútarnir voru þrífir og litaðir, þeir urðu pastellitaðir er þeir þornuðu. Málað var á þá og teiknað með textíltússpenna. Börnin voru alltaf jafn spennit fyrir að halda áfram að vinna með efnid og þau ákváðu að sauma sér kjól og teppi, kjólana úr lituðu bútunum og teppin úr máluðu bútunum. Þau saumuðu kjólinn í saumavél og kennararnir efuðust aldrei um að börnin gætu saumað. Það er frábært að vita til þess hvernig skráningar fönguðu hugmyndir og úrvinnslu barnanna, leiddu þau og kennarana til áframhaldandi vinnu. Við skráningu verkefnisins voru notaðar ljósmyndir, hljóðupptaka og ritaðar skráningar. Unnið er að gerð bókar sem fjallar um þemaverkefnið í heild.

#### ReMida:

Edda Lilja Guðmundsdóttir og Michelle Sonia Horne kennarar á Stekkjarási kynntu hugmyndafræði ReMidu sem hefur þróast í samvinnu Reggio leikskóla og samfélagsins í borginni Reggio Emilia á Ítalíu. ReMida hefur það að markmiði að nýta efnivið sem fellur til hjá stofnunum og fyrirtækjum bæjarins í skapandi vinnu barna (eins konar efnisveita). Þær sögðu frá því þegar fyrsta ReMida var opnuð árið 1996 í bænum og fjölluðu um það margþætta hlutverk sem hún gegnir. Hún stendur ekki bara fyrir það að gefa hlutum sem á að henda annað líf heldur fær hún fólk til að hugsa um umhverfið og ólíka samfélagshópa til að vinna saman. Edda Lilja og Michelle buðu þátttakendum vinnusmiðjunnar að skapa listaverk úr þeim efniviði sem safnast hefur saman í ReMidu

Stekkaráss. Fjöldi frábærra listaverka leit dagsins ljós og áhugi og sköpunargleði skein af þátttakendum.

#### Hreyfing og tónlist:

Asako Ichihashi kennari og Edda Valsdóttir leikskólustjóri Fögrubrekku kynntu hreyfingu og tónlist í leikskólanum. Þær töluðu um hve mikilvægt er fyrir börn að hreyfa sig og hvernig hreyfing og tónlist geta hjálpað börnum í þroskaferli þeirra. „Mörg börn eru borin út í bíl, borin inn í leikskólann og borin út aftur,“ sagði Edda. „Hvað segir þetta okkur? Íslensk börn hreyfa sig allt of lítið.“ Asako gerði grein fyrir uppbyggingu hreyfi- og tónlistarstunda með eins til sex ára börnum og þeim áherslum sem hún leggur til grundvallar í kennslu hjá hverjum aldurshópi fyrir sig, hvernig hún samtvinnar hugmyndafræði Reggio við tónlistina og hvernig hún virkjar hana með tjáningu, hlustun og sköpun. „Börnin eru dugleg að taka þátt í hreyfi- og tónlistarstundum og gleðin skín úr andlitum þeirra,“ sagði Asako. Hún leggur mikið upp úr sjónrænni innlöggn hjá yngri börnunum og vekur athygli á hvernig börn túlka tónverk, auk þess sem hún fjallaði um meðferð hljóðfæra og tjáningarform þeirra. Í lokin voru þátttakendur látnir spreya sig í hreyfingu og tónlist, með alls kyns æfingum, hoppi og skoppi.

#### Hópastarf:

Anna Friðriksdóttir og Sigríður Jónsdóttir kennarar í Fögrubrekku stikluðu á stóru um sögu þess skóla og þróun hans frá tvísetningu yfir í einsetningu. Þær tjáðu reynslu sína af fyrirkomulaginu sem viðhaft hefur verið frá árinu 1996, kostum þess og göllum. Sögðu frá þeim breytingum sem orðið hafa í tímans rás og þeim markmiðum að draga fram það besta fyrir barnahópin. Þær fjölluðu um hvernig þróunin varð úr fjórum deildum, tveim yngri og tveim eldri, yfir í eina stóra eldri deild og eina stóra yngri. Þær fjölluðu um valkerfið sem áður var, en það var mjög þungt í vöfum á eldri deildinni þar sem voru 37 börn. Á yngri deildinni var strax farið í að skipta barnahópnum í þrennt þar sem tveir hópstjórar voru í hverjum hópi. Þeir skipta svæðum í húsinu á milli sín (Fagrabrekka er á tveimur hæðum). Fljótlega kom upp sú hugmynd að hópstjórnir /kennararnir fylgdu barninu frá því að það stígur sín fyrstu skref í leikskólann uns leikskólagaöngu þess lýkur, þ.e. frá aðlögun til útskriftar og fylgdu þar með börnunum á milli deilda. Kennurum leist misvel á þessa hugmynd



en svo var ákveðið að láta reyna á þetta. Anna og Sigríður töluðu um hvaða áhrif þetta hefur á börnin, á allt innra starf leikskólans. Þeim finnst börnin vera öruggari, þau þurfa til dæmis ekki hálfan vetur á hverju ári til að hristast saman, kynnast nýjum kennurum/hópstjórum og almenn ánægja er meðal allra foreldra. Þær töluðu um að barn ætti auðveldara með að yfirfæra félagsfærni á aðrar aðstæður þegar það hefði haft tækifæri til að þjálfá hana með jafningjum sem það væri öruggt með. Börn finna til umhyggju og samkenndar með félögnum, þau verða að mörgu leyti eins og systkini, þau þora að segja sína skoðun, virða hvert annað og vinna á ágreiningsmálum sín á milli án aðstoðar fullorðinna.

#### Ungbarnadeild – námsumhverfi yngstu barna í leikskólum:

Svava Björg Mörk og Særún Hrund Ragnarsdóttir kennarar í leikskólanum Stekkjarási kynntu þróunarverkefni sem Svava Björg hefur unnið í samvinnu við starfsfólk





**Barn á auðveldara með að yfirfæra félagsfærni á aðrar aðstæður þegar það hefur haft tækifæri til að þjálfra hana með jafningjum sem það er öruggt með. Börn finna til umhyggju og samkenndar með félögum, þau verða að mörgu leyti eins og systkini, þau þora að segja sína skoðun, virða hvert annað og vinna á ágreiningsmálum sín á milli án aðstoðar fullorðinna.**

ungbarnadeildarinnar. Verkefnið fjallar um opnun ungbarnadeildar í leikskólanum Stekkjarás í Hafnarfirði. Þær kynntu aðferðir sem innleiddar hafa verið undanfarna mánuði og eru í anda leikskólastarfs Reggio Emilia á Norður-Ítalíu. Þessar aðferðir leggja grunn að þróun, símenntun og mati. Þær sögðu frá því hvernig leikskólinn getur komið til móts við námsparfir ungra barna. Hvernig kennarar hafa markvisst nýtt sér uppeldislega skráningu til að efla sig í starfi og til að breyta leikskólastarfinu og þróa það. Í verkefninu voru enn fremur skoðaðar leiðir til að auka tengsl heimilis og leikskóla en deildarstjóri heimsækir foreldra og börn áður en börnin hefja leikskólagöngu sína.

#### Segja sem oftast já:

Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í leikskólanum Funaborg ræddi um mikilvægi þess að börn mæti jákvæðni í orði og æði kennara. Rétt barna að vera fólk sem hlustað er á og fólk sem hefur áhrif á tilveru sína og hve mikilvægt er að áhugi barna og hugmyndir þeirra séu virtar. Hún sagði einnig frá virkri aðferð sem starfsmenn leikskólans Funaborgar nýta sér og felst í að segja „já“ í 99% tilfella. Gengið er út frá tvíþættri notkun jánsins. Annar vegar til að vinna eftir hugmyndafræði leikskólans sem segir að „...barnið eigi að skapa sína eigin þekkingu en ekki vera óvirkur viðtakandi...“ og „...að veita börnunum tækifæri til að velja sér viðfangsefni og grípa hugmyndir þeirra og vinna út frá þeim.“ Eins og segir í ársáætlun Funaborgar 2007-2008. Hins vegar til að gera samskipti milli barna og fullorðinna átakaminni þó svo að ekki sé hægt að uppfylla óskir barnsins. „Má ég keyra bílinn

þinn?“ „Já, þegar þú verður 17 ára“ í stað „Nei, þú ert of lítil.“ „Já í 99% tilfella“ er eitt af fleiri verkfærum í starfsháttum Funaborgar sem auðveldar kennurum að vinna eftir hugmyndafræði leikskólans. Verkfærin minna eldri kennara á og hjálpa þeim yngri að tileinka sér vinnubrögð sem efla gott námsumhverfi barna. Sjá heimasíðu Funaborgar [www.funaborg.is](http://www.funaborg.is)

#### Ígrundun skráninga með börnum:

Guðrún Alda Harðardóttir dósent við Háskólann á Akureyri og leikskólaráðgjafi hjá Reykjavíkurborg hóf fyrirlestur sinn á innleggi um hinar ýmsu leiðir sem notaðar eru við uppeldislegar skráningar með börnum í leikskólastarfi í anda Reggio Emilia. Hún fjallaði um aðferð skráninga og ígrundun kennara og barna á þeim. Eftir innleggið var þátttakendum skipt upp í litla hópa og þeim gert að bera fram tvær spurningar um efni sem þau vildu að fjallað yrði um. Guðrún Alda spannað svo fyrirlestur sinn út frá spurningum hópsins í samvinnu við þátttakendur í sal þannig að fyrirlesturinn varð til hér og nú.

#### Ljós og skuggi:

Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri setti upp vísindasmiðju með margskonar viðfangsefnum. Meðal þeirra var að leika sér með fjölbreyttan efnivið á ljósaborði, nota myndvarpa og „slides“ sýningarvél í byggingarleiki, sem gefur einnig möguleika á vinnu með skuggaleikhús, og gera tilraunir með rafmagn. Þátttakendum bar að nýta hugmyndaflug sitt til að skapa með aðstoð ljóss og skugga. Meðal þess sem Kristín gerði voru ýmsar æfingar með spegla og

#### Mikilvægi þess að byrja á „já“:

Má ég keyra bílinn þinn ?  
Já, þegar þú verður sautján *frekar en*  
Nei, þú er svo lítil  
Má ég fá mjólk ?  
Já, þegar þú er búin að borða fjóra bita  
*frekar en* Nei, þú er ekki búin að borða  
nóg

**Meðal þess sem Kristín gerði voru ýmsar æfingar með spegla og gegnsæjan efnivið. Hún byggði draumahallir og ævintýraheima. Þátttakendur skoðuðu og veltu fyrir sér ýmsum leiðum sem færar eru, með slíkan efnivið, í starfi með börnum.**

gegnisæjan efnivið. Hún byggði draumahallir og ævintýraheima. Þátttakendur skoðuðu og veltu fyrir sér ýmsum leiðum sem færar eru, með slíkan efnivið, í starfi með börnum. Einnig skoðuðu þátttakendur ýmsar bækur sem gáfu hugmyndir að vísindasmiðju.

Þátttakendur héldu til síns heima með fulla skjóður af fróðleik og þekkingu sem á eftir að nýtast þeim í starfi með börnum. Að mati undirritaðra var fyrsti skólaþróunardagur SARE eitt af því skemmtilegra sem við höfum tekið þátt í. Skipulagningin ein og sér var gefandi og ógrandi en síðast en ekki síst þótti okkur frábært að allir fyrirlesarar í málstofum fyrir hádegis komu úr hópi kennara sem starfa með börnunum. Akadémísk fræði og vísindi þeirra Guðrúnar og Kristínar var snilldarblanda við það sem fyrirlesarar í málstofum morgunsins höfðu fram að færa.

#### Vísindasmiðja og ReMida ráðstefna

Dagana 8. og 9. febrúar stóðu Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og HA leikskólabraut sameiginlega að vísindasmiðju í anda Reggio um ljós og skugga við byggingar. Vísindasmiðjan var fyrir börn jafnt sem fullorðna og þær Guðrún Alda og Kristín voru tengiliðir hvorrar stofnunar um sig og unnu saman að skipulagningu smiðjunnar og framkvæmd. Byggt var úr fjölbreyttum efniviði, gagnsæjum og ógagnsæjum, og gaumur gefinn að því hvernig ljós og skuggi geta auðgað byggingarleik þar sem ímyndunaraflið fær notið sín. Að lokum viljum við nefna að kraftmiklu starfi SARE verður haldið áfram því dagana 27. og 28. maí nk. halda samtökin ráðstefnu og námskeið í Reykjavík um ReMida (skapandi efnisveitu) fyrir starfsfólk leikskóla. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu KI, [www.ki.is/?PageID=1517](http://www.ki.is/?PageID=1517).

**Edda Valsdóttir leikskólastjóri í leikskólanum Fögrubrekku í Kópavogi**  
**Hólmfríður K. Sigmarsdóttir leikskólastjóri í leikskólanum Marbakka í Kópavogi**



# Norrænar stuttmyndir

## brúa bil milli tungumála



### Norðurlöndin í bíó skólaárið 07/08

Pema: Uppvaxtarárin

Nýtt og aðgengilegt kennsluefni fyrir 5. - 8. bekk um Norðurlönd og tungumál Norðurlanda.

- 5 norrænar stuttmyndir á DVD-diski
- Kennsluleiðbeiningar og fjölbreytt verkefni
- Lífandi og gagnvirk heimasíða
- Norðurlönd, norrænar tungur, kvikmyndagerð, menning og samfélag

Verð aðeins kr. 2.815 með sendingarkostnaði og vsk.

**NORDEN**  
**IBIO.ORG**

[www.nordenibio.org](http://www.nordenibio.org)

### Námskeið um notkun kennsluefnisins fyrir kennara og skólastjórnendur

#### Akureyri

Í lok febrúar 2008. Dagsetning, staður og tími verða kynnt síðar. Áhugasamir hafi samband við Norrænu upplýsingaskrifstofuna í síma 4627000 eða netfang [mariajons@akureyri.is](mailto:mariajons@akureyri.is).

#### Reykjavík

Í lok febrúar 2008. Dagsetning, staður og tími verða kynnt síðar. Áhugasamir hafi samband við Norræna félagið í síma 5510165 eða netfang [sabine@norden.is](mailto:sabine@norden.is).

Verð kr. 2000. Kennari er Lars-Göran Johansson.

#### Norræna félagið

Óðinsgötu 7 // 101 Reykjavík // Sími 5510165 // [norden@norden.is](mailto:norden@norden.is) // [www.norden.is](http://www.norden.is)

#### Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri

Kaupvangsstræti 23 // 600 Akureyri // Sími 4627000 // [mariajons@akureyri.is](mailto:mariajons@akureyri.is) // [www.akmennt.is/hu/](http://www.akmennt.is/hu/)



## Mannvinurinn Morris á Öskudagsráðstefnu grunnskólakennara

- John Morris skólastjóri frá Essex yljaði öllum um hjartarætur á Öskudagsráðstefnu grunnskólakennara sem haldin var í stóra salnum á Hilton (Nordica) í Reykjavík.
- Hinn aðalfyrirlesari dagsins, Laura Riffel, sveik ekki heldur að sögn þeirra sem á hlýddu, en blaðamaður var bundinn í báða skó og missti af henni.
- Nemendur úr Vesturbæjarskóla víluðu ekki fyrir sér að syngja fimmund og berja trumbur og annað slagverk á milli þess sem Nanna Hlíf Ingvadóttir tónmenntakennari þeirra þandi nikkuna af mikilli list. Stórskemmtilegur hópur tónlistarfólks!

Þetta var vissulega vel heppnuð Öskudagsráðstefna eins og segir á vef menntasviðs og þrátt fyrir að annar formaður menntaráðs skildi setja hana en sá sem aulgýstur var á veggspjökum náðu hrókingarnar í borgarstjórn ekki að kollvarpa deginum, sem betur fer. Kennarafélag Reykjavíkur og Skólastjóraráð Reykjavíkur standa á hverju ári að þessari fagráðstefnu á starfsdegi kennara ásamt Menntasviði og er þetta í sjötta sem hún er haldin. Á sjöunda hundrað kennara létu sjá sig enda spennandi fyrirlestrar og málstofur í boði og hefur ráðstefnan aldrei verið jafnvel sótt.

Þegar krakkarnir í Vesturbæjarskóla voru búnir að syngja og spila kennarana inn í góða stemmningu tók við meiri músík því Morris hóf fyrirlestur sinn á því að sýna ráðstefnugestum ljósmyndir með tónlist undir. Myndirnar eru af nemendum í skólanum hans, Ardley Green Junior School, og höfðu þau áhrif að minna á hvað við erum öll ólík og þurfum mikið á því að halda í bernsku að fá virkilega að njóta okkur í umhverfi sem er viðurkennandi. Falleg sýning hjá Morris. „Við getum ekki gert allt,“ sagði hann, „og það er nefnilega talsvert frelsi fólgið í að átta sig á og sætta sig við það.“

Þá vitnaði John í kennarann Haim Ginnot sem sagði eitthvað í þessa veruna árið 1972: „Ég hef komist að skelfilegri niðurstöðu. Ég er hið ákvarðandi element í bekkjarstofunni. Það er mín persónulega nálgun sem mótar andrúmsloftið hérna. Það er skapið í mér sem ræður veðrinu. Sem kennari hef ég ótrúlega mikið vald til að fylla líf barnsins af gleði eða umbreyta því í helvíti. Ég get bæði verið pyndingatól eða verkfærið sem gefur barninu andlega innspýtingu og glæðir hugmyndir. Ég get auðmýkt, hjálpað,

sært helsári eða heilað. Við allar aðstæður eru það mín viðbrögð sem ráða því hvort krísa versnar eða það vindur ofan af henni og hvort barn mannast eða afmennskast.“ Morris minnti okkur á þótt það sé ekki endilega alltaf verið að segja okkur eitthvað nýtt þá eru áminningarnar um það sem skiptir máli alltaf jafnarfar og oft og tíðum, kannski oftast, eru þær líka settar fram í nýju og fersku samhengi.

Morris kallaði fyrirlesturinn sinn „Making a difference“ (Að gera gæfumuninn) og sagði okkur krossfiskasögu sem skýrir ágætlega hvað hann á við með valinu á titlinum. Í sögunni er maður að dansa einhvern skringilegan dans á strönd en þegar betur er að gáð er hann að hoppa á milli dauðvona krossfiska. Hann beygir sig reglulega niður, tekur upp krissfisk og hendir honum út í sjó. Krossfiskar deyja nefnilega á þurru landi og geta ekki séð um þetta sjálfir. Aðspurður hvernig mannum detti í hug að hefjast handa við svona vonlaust verkefni, krossfiskarnir skipta þúsundum, svarar hann um leið og hann kastar enn einum krossfiskinum eins langt á haf út og hann megnar: „En ég bjarga nú samt þessum.“

**Við allar aðstæður eru það mín viðbrögð sem ráða því hvort krísa versnar eða það vindur ofan af henni og hvort barn mannast eða afmennskast.**



## Börn almennt verða að vita til hvers þau eru að læra: Hvað, hvers vegna og loks hvað þau eiga að geta í lok tímans.



Ardley Green Junior School er almennur skóli með á fjórða hundrað nemenda á aldrinum 7 – 11 ára. John á langan feril að baki í skólamálum, þar af sem skólastjóri í átján ár, og hefur lokið námi í stjórnun og handleiðslu kennaranema auk kennaranámsins. Ardleigh Green-skólinn hefur tekið þátt í mörgum fjölþjóðlegum verkefnum í tengslum við þróunarstarf í læsi, tölvukennslu, leiðtogafræðum og stjórnun. Skólinn er sérhæfur í þjálfun kennaranema og annast kynningarverkefni fyrir nýútskrifaða kennara. Kennsluáðferðir sem einkenna skólann hafa skipað honum í hóp allra bestu skóla í Englandi samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa. Árið 2000 var skólinn tilnefndur sem fyrirmyndarskóli af menntayfirvöldum í Bretlandi og hvattur til að deila reynslu sinni og þekkingu með öðrum skólum í landinu.

Morris segir galdurinn felast í hverjum og einum kennara og bekk: Góður bekkur gefur krökkunum bæði rætur og vængi. Hvort tveggja er jafn nauðsynlegt. Virk þátttaka nemenda í skólastarfinu og forsenda þess að nám fari fram er að börnin fái tíma. Þau þurfa að fá nægan tíma til að íhuga. Aðalnámskrár eru ótular við að segja okkur nákvæmlega **hvað** við eigum að kenna en þær nefna ekki einu orði **hvernig** við eigum að gera það.“ Það er engu að síður aðalatriðið að mati John: *Hvernig* við kennum, ekki *hvað*. Morris lagði einnig ríka áherslu á skipulagningu og sagði ekkert ganga ef henni væri ekki sinnt. „If you fail to plan, you plan to fail“, eða „ef þér mistekst að skipuleggja þá skipuleggurðu að þér mistakist“. Morris fjallaði um margt gott í fyrirsetri sínum og meðal annars próf en hann er þeirrar skoðunar að í mörgum tilfellum segi próf okkur ekki nokkurn skapaðan hlut. Og til hvers þá að prófa?

Ardleigh Green - skólinn hefur tekið þátt í nokkrum rannsóknum á skólastarfi, má þar nefna Raising boys' achievement (Cambridge University 2003), Schools making very

good progress (Department for children, schools and families 2006) og þróunarstarf í tölvukennslu (BECTA 2006). Rannsóknir Cambridge háskóla sýndu að góður árangur nemenda í skólanum er ekki síst því að þakka að námsmarkmið eru afar skýr og nemendum er alltaf ljóst hvar þeir eru staddir og hvert þeir stefna. Meðal þess sem einkennir árangur kennsluáðferða Ardleigh Green er að minni munur er á námsárangri drengja og stúlkna í skólanum en í öðrum skólum í Englandi. John hefur lýst áherslum Ardleigh Green þannig að áður en nemendur noti „verkfæri“ til sjálfstæðrar vinnu, sé þeim kennt að fara með þau.

„Hvað strákana varðar,“ sagði John, „er sérstaklega mikilvægt að námið sé sundurgreint, skýrt og þeim gert skiljanlegt hvert markmiðið er. Væntingar til námsárangurs, eða þess að markmiðið náist, þurfa jafnframt að vera miklar. Börn almennt verða að vita til hvers þau eru að læra: Hvað, hvers vegna og loks hvað þau eiga að geta í lok tímans. Af hverju segjum við börnum ekki eftir hverju við erum að leita og hvað við viljum sjá? Er það eitthvað leyndarmál? Verkefni eiga að vera stutt og kennarinn þarf að ganga úr skugga um að börnin hafi réttu tólin og tækin til að inna þau af hendi.“ John lagði líka áherslu á að kennarar kynntust nemendum sínum vel og sagði að því meira sem kennari vissi um nemandan, þeim mun betur gengihonum í námi. „Það mikilvægasta í skólastarfi er „ethos“ skólans, sagði Morris. „Ég get ekki ítrekað það nægjanlega. Ef barni líður vel með sjálf sig þá skilar það góðri vinnu. Ef kennari líður vel með sjálfan sig þá hefur hann fengið staðfestingu á því hvað hann er að skila góðu starfi. Þetta er svona einfalt.“

John Morris fjallaði um margt fleira áhugavert í fyrirlesturinum svo sem um nýja nálgun á lestrarkennslu stráka. Það væri gott að fá glærurnar frá Morris á vef menntasviðs og þegar þær eru komnar, og helst erindið í

## Ef barni líður vel með sjálf sig þá skilar það góðri vinnu.



Ljósmynd frá Menntasviði

heild sinni, er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að kennarar geti farið að hagnýta sér öll góðu ráðin sem þar er að finna. Fyrirlesturinn var efnislega þéttur og auk þess naumt skammtaður tími þannig að hætt er við að margt hafi orðið útundan. Þá voru glærur á ljósriti einungis brot af heildarglærum. En kannski er nóg að muna bara þetta sem John sagði í lokin: „Höfum krakkana alltaf í fyrsta sæti! Leitum þar til við finnum það jákvæða, klöppum fyrir framförumunum án þess að gefa lokaárangrinum nokkurn minnsta gaum og styðjum á alla lund við sjálfstraust barnsins. Við viljum krakka sem eru „fit for life and ready to learn“. Við erum öll á sama báti, gerum þetta saman í stað þess að hlaupta maraþonið ein.“

### keg

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna, þar á meðal ýmislegt efni frá fyrirlestri Lauru Riffel sem hér er ekki fjallað um, eru á vef menntasviðs Reykjavíkurborgar.



# Unglingsárin, tímabil uppgötvana og átaka

**Kolbrún Baldursdóttir hefur mörg áhugamál, þeirra á meðal pólitík, karate og skógrækt. Hún er líka öflugur fyrirlesari um unglingsárin.**

Við fengum Kolbrúnu til að segja frá eða kannski frekar minna okkur á fyrirlesturinn sem hún býður skólum um þetta margbrotna aldurstig. Fyrirlesturinn er nefnilega mörgum kunnur og hefur meira að segja verið getið áður í blaðinu en sjaldan er góð vísa of oft kveðin. Var þú að nefna að vísnagerð er enn eitt af áhugamálum Kolbrúnar? En gefum henni orðið:

Unglingsárin hafa löngum verið þekkt fyrir að vera eitt viðkvæmasta tímaseið ævinnar. Þetta er tímabilið þar sem barnið í okkur kveður á sama tíma og stigið er inn í heim fullorðinna. Ótal vísbendingar, leyndar og ljósar, eru um að kynþroskinn hafi færst neðar með aukinni velmegun. Að sama skapi hefur skólaganga almennt lengst. Því má segja að þetta tímaseið ævinnar spanni fleiri ár en áður.

Samhliða miklum þjóðfélagsbreytingum undanfarna áratugi hefur sambúð stórfjölskyldunnar farið minnkandi, einangrun mismunandi aldurshópa hefur aukist og leitt til þess að áhrif jafnaldráhópsins eru meiri nú en áður.

Sem sálfræðingur barnaverndarmála og skólamála í hartnær tuttugu ár hef ég séð ástæðu til að bjóða upp á stutt fræðslunámskeið sérstaklega ætluð foreldrum sem eru að styðja börnin sín gegnum tímaseið unglingsáranna. Um er að ræða rúmlega klukkustundar fyrirlestur sem skiptist í sjö meginþætti. Hann hefst á stuttri umræðu um unglingsárin, helstu þroskabreytingar, megináhrif á þroskaferilinn og hvernig kynin upplifa einstaka þætti í lífi sínu með ólíkum hætti. Því næst fjalla ég um mismunandi uppdæsnálganir og hvaða nálgun er líklegust til að mæta þörfum einstaklinga á þessu aldurskeiði.

Grunnþættir samskipta og samskiptatækni eru meðal efnis á námskeiðinu. Farið er í samskiptatækni sem sérstaklega er til þess fallin að leiða til jákvæðra og uppbyggilegra samskipta foreldra við börnin sín.

Unglingurinn, tölvunotkun og Netið eru málefni sem mörgum foreldrum eru hugleikin. Með Netinu hafa sannarlega skapast auknir möguleikar á samskiptum en á sama tíma getur óhófleg tölvunotkun dregið úr færni í mannlegum samskiptum og haft neikvæð áhrif á líðan og virkni unglingsins. Fjallað verður um með hvaða hætti foreldrar geta miðlað til barna sinna fræðslu um tölvunotkun og hættur sem kunna að leynast á Netinu og hvaða aðferðir eru gagnlegar ef stemma þarf stigu við tölvunotkun barna.

Áfengi og sú ögn sem stendur af vímu-gjöfum er málefni sem brennur á fjölmörgum



**Unglingar eru orkumiklir og tilfinningaríkir og mikilvægt fyrir þá að fá útrás á jákvæðan hátt. Það skiptir líka máli fyrir foreldrana. Kolbrún greinarhöfundur stundar karate og hvort sem austurlenskar bardagaíþróttir heilla eða ekki er næsta víst að allir geta fundið tómsundagaman við sitt hæfi og verið góð fyrirmynd fyrir dætur, syni og nemendur.**

foreldrum barna sem nálgast eða eru á þessu viðkvæma aldurskeiði. Vís-bendingar eru um að meira framboð sé af vímuefnum nú en áður og aðgengi auðveldara. Það kemur í hlut foreldranna fyrst og fremst að annast forvarnir og fræðslu. Sökum ungs aldurs átta unglings sig oft ekki á slævandi áhrifum áfengis á heilastarfsemina og hversu einstaklingsbundnar breytingar það framkallar á persónuleika, hugsun, tilfinningar og atferli. Jafnframt verða skoðuð tengsl milli neyslu og áhættuhegðunar og



**Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.**

**Kennarar, foreldrar og skólastjórar sem vilja fá nánari upplýsingar eða panta fyrirlesturinn hjá Kolbrúnu geta haft samband í s. 899 6783 eða [kolbrunb@hive.is](mailto:kolbrunb@hive.is), Heimasíðan er [www.kolbrun.ws](http://www.kolbrun.ws)**

hvaða orsakir kunna að liggja að baki því að sumir hafa meiri tilhneigingu en aðrir til að leidast út í neyslu.

Í síðasta hluta þessa fyrirlesturs mun ég fjalla um hvaða vísbendingar gætu gefið til kynna að huga þurfi nánar að líðan og félagslegri stöðu unglings og hvenær ástæða er fyrir foreldra að hafa áhyggjur af barni sínu. Fyrirlestrinum lýkur með að reifaðar eru hugmyndir um hvernig foreldrar geta brugðist við sé barnið þeirra í vanda statt og hvaða úrræði standi þeim til boða í samfélaginu.

## Allir með!

[www.allirmed.is](http://www.allirmed.is)

**Nýr fjölmenningsvefur leikskóla hefur litið dagsins ljós. Höfundar eru Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þor-láksdóttir auk þess sem Sigrún Björnsdóttir hafði umsjón með uppsetningu en vefurinn er saminn fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.**

Vefurinn [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) ber yfirskriftina Fjölmening í leikskóla og undirskriftina Enginn eins en allir með! „Mikilvægt er að leikskólustarf í nútíma samfélagi endurspegli þann menningarlega margbreytileika sem þar er alla daga ársins,“ segir á forsiðu vefjarins. „Fjölmening er tiltölulega nýtt hugtak í íslensku en það er komið til að vera. Fjölmenningslegt leikskólustarf tekur mið af því að enginn er eins en allir geta verið með á sínum forsendum...“

Vefurinn Fjölmening í leikskóla er fyrst og fremst gagnabanki, þar er fjöldi skemmtilegra verkefna og leikjappskrifta sem rækta með börnum umburðarlyndi og styrkja félagsþroska. Hugmyndafræðin er sótt í austur og vestur – til Bretlands



og Bandaríkjanna, en höfundar kynntust kenningum um fjölmenningu þaðan í fjölmenningsnámi í Kennaraháskólanum. Löög er áhersla á að fá fjölskylduna með og á vefnum eru líka leikir til að leika heima, ekki bara í skólanum. Þótt verkefni séu miðuð við börn á leikskólaaldri er hægt að nota mörg þeirra með eldri börnum, ýmist beint eða með nokkurri aðlögun. Þá er mikil umræða og gott tenglasafn á vefnum sem gagnast öllum sem hafa áhuga á og/eða lífa og hræst í fjölmenningu. Og hver gerir það ekki? Á þessum „síðustu og verstu“ verður manni enn meira ljóst hve mikilvægt er að ala börn upp í andrasisma og ná þeim ungum. Voru það ekki fjórtán ára krakkar sem stóðu á bak við Pólverjahatursskrifin? Kennarar, kíkið á [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) og fáid góðar hugmyndir og hvatningu í fjölmenningsstarfinu.

## NÁMSKEIÐ vor 2008

Fræðslunámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru ætluð þeim sem vinna með börnum með þroskaraskanir m.a. í leik- og grunnskólum. Námskeiðin eru bæði fræðileg og hagnýt.

### Námskeið í boði í febrúar og mars:

- Börn með hreyfihömlun - þátttaka í grunnskólastarfi, 13. febrúar.
- Skipulögð kennsla, byggð á hugmyndafræði TEACCH, 18. – 20. febrúar.
- TEACCH – Leið fyrir alla? Fyrirlesari: Ruth Fuller frá TEACCH miðstöð í North-Carolina, 21. febrúar.
- Atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu, 28. og 29. febrúar.
- Ráðagóðir kennarar, 4. mars.
- Snemmtæk ihlutun – markmið og leiðir, 5. mars.
- Börn með þroskafrávik - nám, hegðun og félagsleg þátttaka í grunnskóla, 6. mars.
- Aspergersheilenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi, 26. mars.

Námskeiðin eru haldin í Menningarmiðstöðinni Gerðuberg, Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík.

Upplýsingar og skráning á [www.greining.is](http://www.greining.is)



### Outdoor Education course in Bergen, Norway - A course for teachers in primary schools in Iceland

Bergen University College, Faculty of Education, welcomes you to a course in Outdoor Education in Bergen and its surrounding areas! The purpose of the course is to introduce you to Outdoor Education, to give you some ideas on how to practise Outdoor education and to provide some skills in certain aspects of Outdoor education. Activities include outdoor cooking, canoeing, fishing in lakes, sampling and identifying small animals and plants, hiking in forest and mountain, security and life saving, etc.

Bergen University College, June 9th – 13th 2008

See [www.hib.no/aktuelt/konferanse](http://www.hib.no/aktuelt/konferanse) for more information, or contact Karstein Erstad on [ker@hib.no](mailto:ker@hib.no)

#### Registration

Participation fee is NOK 10 505. These total costs include everything from Monday, 9 June 2.00 pm to Friday 13 June. Travel expenses not included.

Signing up and payment  
by 27.03.08



HØGSKOLEN I BERGEN




# www.nams.is

námsvefur fyrir alla

#### Gagnvirkt efni



Íslenska, danska, enska,  
stærðfræði, landafræði  
og náttúrufræði.



 NÁMSGAGNASTOFNUN

Laugavegi 166 | S: 535 0400 | [upplýsingar@nams.is](mailto:upplýsingar@nams.is)

# UT í þrjátíu ár og menntun til sjálfbærrar þróunar

## Fimm nýjar greinar í Netlu



Netla veftímarit um uppeldi og menntun er lífandi miðill um menntasamræðu. Á þessu ári hafa birst fimm nýjar og spennandi greinar í ritinu og meira en líklegt að allir kennarar finni eitthvað sem þeir hafa áhuga á að skoða, lesa og skrafa um í ritinu.

- Hrefna Arnardóttir tölvunarfræðingur lýsir greiningu sinni á umræðu og hugmyndum um mikilvægi tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi undanfarin þrjátíu ár.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akyreyri fjallar um fjölmenningu og menntun til sjálfbærrar

þróunar sem hann telur að gera eigi að vera þungamiðja í skólastarfi.

- Baldur Sigurðsson dósent við Kennaraháskóla Íslands ræðir um opinbera stefnu um framburð og framburðarkennslu í grunnskólum og dregur fram tengsl hennar við Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk.
- Hafdís Guðjónsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir lektorar við Kennaraháskólann fjalla um rannsókn kennara á eigin kennslu á námskeiði í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands
- Kristín Loftsdóttir mannfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands fjallar um þær ímyndir sem nýlegar íslenskar námsbækur bregða upp af fjölmenningarlegu Íslandi þar sem hún leggur til grundvallar greiningu á tveimur bókaflökkum sem Námsgagnastofnun hefur gefið út, Listina að lesa og skrifa og Komdu og skoðuðu.

Hrefna Arnardóttir  
Verkfæri, miðill, samskiptatól eða kennari - Hugmyndir um notkun tölvunnar í skólastarfi síðustu 30 ár  
[netla.khi.is/greinar/2007/019/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/019/index.htm)

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson  
Fjölmennning og sjálfbær þróun - Lykilatriði skólastarfs eða óþægilegir aðskotahlutir  
[netla.khi.is/greinar/2007/018/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/018/index.htm)

Baldur Sigurðsson  
Málrækt er mannrækt - Um Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk í ljósi opinberrar stefnu í framburðarmálum  
[netla.khi.is/greinar/2007/017/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/017/index.htm)

Hafdís Guðjónsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir  
Kennarar eru á mörkum gamalla tíma og nýrra - Þróun námskeiðs um stærðfræðikennslu fyrir alla  
[netla.khi.is/greinar/2007/016/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/016/index.htm)

Kristín Loftsdóttir  
Hin mörgu andlit Íslands - Framandleiki og fjölmennning í námsbókum  
[netla.khi.is/greinar/2007/015/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/015/index.htm)

## Friður í gegnum leik og list

Af Comeniusarsamstarfi Mýrar, Lækjarborgar og sex erlendra leikskóla

Leikskólinn Mýri tekur um þessar mundir þátt í Comeniusarverkefni, skólaþróun sem er styrkt af Evrópusambandinu. Síðasti samráðsfundur þátttakenda í verkefninu var haldinn hérlendis dagana 30. október – 2. nóvember sl. „Verkefnið hófst haustið 2005 og erum við því að byrja á þriðja árinu sem er jafnframt lokaárið,“ segir Unnur Jónsdóttir skólustjóri á Mýri. „Þegar verkefnið hófst tóku níu lönd þátt í því; Ísland - en þátttakendur hér eru leikskólarnir Mýri og Lækjarborg, Þýskaland, Belgía, Pólland, Rúmenía, Búlgaría, Tyrkland og Spánn. Á Spáni eru það leikskólarnir Los Puertos og Foresta sem taka þátt. Eftir eitt ár datt Búlgaría út og ári síðar dattu Belgía og Tyrkland út svo síðasta árið eru það sex lönd með alls átta leikskólum sem taka þátt í verkefninu.“

Verkefnið heitir **Friður í gegn um leik og list** og markmið þess eru að:

- Kynnast leikskólastarfi í öðrum löndum og kynna okkur starf erlendis.
- Vinna verkefni með börnunum sem snúast um samvinnu og samkennd, og mikilvægi friðar og vináttu í heiminum.
- Auka víðsýni barna og gera þau meðvitari um að þau eru hluti af stærra samfélagi þjóða.

„Það er búið að vera virkilega fróðlegt og ánægjulegt að taka þátt í þessu verkefni,“ segir Unnur, aðspurð um hvernig hafi gengið. „Þetta er skipulagt þannig hjá okkur að haldnir eru þrjú fundir á ári þar sem leikskólakennarar frá öllum löndunum hittast og bera saman bækur sínar, skipuleggja verkefni og endurmeta það sem á undan er gengið. Á alla fundina nema einn hafa mætt tveir kennarar frá Mýri og tveir frá Lækjarborg. Í þetta eina sinn fór einn frá Mýri og einn frá Lækjarborg vegna þess að peningar dugðu ekki til að senda fleiri. Frá hinum löndunum mæta yfirleitt tveir til þrjú. Á þessum rúmlega tveimur árum hefur verið haldinn einn fundur á Íslandi, dagana 30. október til 2. nóvember 2007. Þessa daga voru haldnir þrjú hálf dags vinnufundir og þar sem við vorum svo mörg fengum við að halda fundina í þjónustumiðstöðvum leikskólanna. Farið var yfir þau verkefni sem við höfum verið að vinna undanfarna mánuði, eða frá síðasta fundi sem var haldinn var í Finnlandi í maí síðastliðnum.“

Sem dæmi um verkefni þá áttu öll löndin að finna til tvo leiki sem hugmyndin er að kenna svo börnunum í þátttökuskólunum. Leikirnir voru kynntir og kenndi hvert land okkur hinum sína leiki. Það er óhætt að segja að þá var stundum glatt á hjalla!

Einnig áttu öll löndin að segja frá jólasíðum í sínu landi, bæði í leikskólanum og almennt. Til stendur að kynna hina ýmsu jólasíði fyrir börnunum í aðdraganda jólahátíðarinnar fyrir næsta fund sem verður í Þýskalandi í febrúar á að fara yfir námsskránnar frá hverju landi og kynna þær. Einnig eigum við að kenna börnunum leikina sem við lærðum hjá hinum löndunum, sem og að vinna áfram með listsköpun og friðarumræðu líkt og á seinustu tveimur árum.

Það var ýmislegt annað skemmtilegt gert þessa daga, við skoðuðum einn grunnskóla og þrjú leikskóla auk Mýrar og Lækjarborgar, okkur var boðið í kynningu á Leikskólasviði Reykjavíkur, í Kennarahúsið og í sendiráð Þýskalands. Foreldrar og starfsfólk á Mýri og Lækjarborg buðu til kvöldverðar sitt hvort kvöldið. Einnig buðu foreldrar á Mýri og Lækjarborg gestum frá hverju landi fyrir sig í kvöldverð. Fundinum lauk svo með ferð í Borgarfjörð, þar sem margt markvert var skoðað og nutu allir dagsins,“ segir Unnur að lokum.

Nánar um verkefnið: [www.educa.madrid.org/web/eei.lospuertos.colmenarviejo/](http://www.educa.madrid.org/web/eei.lospuertos.colmenarviejo/)





# Ævintýri ALLA DAGA

## Vilt þú vinna í leikskóla?

Leikskólar Reykjavíkurborgar auglýsa lausar stöður deildarstjóra og leikskólakennara. Í leikskólum borgarinnar fer fram metnaðarfullt starf í lifandi og áhugaverðu starfsumhverfi.

Erum við kannski að leita að þér?

Nánari upplýsingar gefur Starfsmannabjónusta Leikskólasviðs í síma 411 7000. Upplýsingar um öll laus störf í leikskólum er einnig að finna á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

# Tímarit um menntarannsóknir á Ebsco

Ekki einfalt samband milli hagvaxtar og menntunar segir Alison Wolf

Tímarit um menntarannsóknir sem FUM gefur út (Félag um menntarannsóknir) verður innan tíðar aðgengilegt í Ebsco host gagnasafninu. Þetta eru góð tíðindi því Ebsco, sem allir sem nota Hvar.is þekkja til, er alþjóðlegt gagnasafn og gífurlega mikið notað. Þetta er því nokkurs konar alþjóðleg hlutabréfaskráning og liður í að koma íslenskum menntarannsóknum og fræðimönnum sem að þeim standa á kortið.

Það er eftirsóknarvert, vegna þess að þegar athygli útlanda beinist hingað hlustum við sjálf líka betur og þá öll þjóðin og framámenn hennar, ekki bara fræðimenn á sviði menntunar. Aukið efni á ensku í ritinu gerir erlendum fræðimönnum kleift að glugga í það ef þeir rekast á það. Ritið verður aðgengilegt í Ebsco níu mánuðum eftir útgáfu prentaðs tölublaðs hverju sinni.

Ragnar F. Ólafsson fráfarandi ritstjóri hefur ritstýrt tímaritinu undanfarin þrjú ár og Gretar L. Marinósson nýlega tekið við ritstjórnartaumunum. Í nýjasta tölublaði sem jafnframt er síðasta tölublaðið sem Ragnar ritstýrir er að finna átta fræðilegar greinar á fjölbreyttu sviði og einnig viðtal við Alison Wolf, prófessor við King's College í London. Sérsvið dr. Wolf eru stjórnun og starfsþróunarmál. Hún er líka dalkahöfundur og skrifar reglulega um menntamál í *Times Higher Education Supplement*. Alison hefur lengi fengist við rannsóknir á vinnumarkaðnum, hagvexti og eftirspurn eftir menntun, og möguleikum skólakerfisins til að bregðast við og veita viðeigandi menntun og starfsþjálfun. Hún er einnig sérfræðingur í námsmáti, einkum hæfnismáti í starfsmenntun og sérfræðimenntun. Alison lauk M.A. og M.Phil.-gráðum frá University of Oxford og

hún stundaði einnig nám við Universitét de Neuchâtel í Sviss. Að loknu námi starfaði hún í Bandaríkjunum um tíu ára skeið þar sem hún vann við stefnumótun en sneri að því búnu heim til rannsóknarstarfa í Bretlandi. Bók hennar *Does Education Matter? Myths about education and economic growth* kom út árið 2002 og hlaut verðskuldaða athygli.

Í viðtalinu er Wolf meðal annars spurð um hvort menntun skapi hagvöxt? Það er ekki svo einfalt, segir Alison og útlistar svo hvernig formúum er varið í menntun víða í Suðrinu (þróunarlöndum) án þess að það skili tilætluðum árangri. Meira um þetta í nýjasta tölublaði Tímarits um menntarannsóknir. Hægt er að festa kaup á ritinu á vef félagsins, [www.fum.is](http://www.fum.is)

## Byrjendalæsi – nýr DVD diskur

Viðtal við höfundinn í næstu Skólavörðu

Rósa Eggertsdóttir kenndi í grunnskóla í áratug og náði sér svo í kennsluréttindi, að því loknu ákvað hún að halda svolítið áfram og lærði til sérkennara, að því loknu fannst henni ekki alveg nóg að gert og dreif sig í meistaranám til Cambridge. Allan tímann hefur hún haft sömu hugsun í forgrunni – að vinna börnum og menntun gagn. Rósa er einn helsti sérfræðingur okkar í læsi og lestrarnámi, henni finnst hljóðaaðferðin ofboðslega leiðinleg og hún fékk ekki áhuga á ólíkum kennsluáðferðum í lestri með því að lesa um þær heldur með því að horfa á vídeó.

„Hljóðaaðferðin er ekki merkingarbær fyrir börn,“ segir Rósa. „Það er happaglappa hver árangurinn verður.“ Rósa gaf nýverið út fræðslumyndina Byrjendalæsi á DVD en þar kynnr Rósa til sögunnar nýja kennsluáðferð í lestri sem vægast sagt er mjög spennandi. Í næsta tölublaði Skólavörðunnar verður viðtal við Rósu þar sem hún segir okkur frá þróun sinnar í gegnum lestrarfrumskóginn allar götur frá því hún hóf kennslu fyrir þrjátíu og sex árum. Rósa er ekki bara fræðimaður um læsi, hún er líka sama konan og sagði: „Vorið 1989 tók það mig eina og hálf klukkustund að lesa eina blaðsíðu í bók eftir mann sem síðar varð kennarinn minn. Þótt ég væri svona lengi að lesa blaðsíðuna vildi

ég bara læra hjá honum!“

Fræðslumyndin Byrjendalæsi lýsir nýrri aðferð í lestrarkennslu sem Rósa þróaði í tengslum við starf sitt á skólapróunarsviði kennaradeildar HA. Sextán kennarar í sex grunnskólum unnu með Rósu að þróun verkefnisins og fræslumyndin var tekin upp í bekkjum fimm þeirra vorið 2006. Byrjendalæsi er samvirk kennsluáðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Byrjendalæsi er byggt á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð og meðal annars var sótt í smíðju NRP2000 rannsóknarinnar um mikilvægi þess að kennsla í lestri feli í sér samþætta nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustum, lestur og ritun felld saman í eina heild. Meginmarkmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni og gert ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið.

**Myndin er ætluð kennurum, kennaranemum og foreldrum.**

Hún er 20 mín. að lengd og hægt er að kaupa hana og fá nánari upplýsingar með því að hafa samband við Rósu í s. 894 0568 eða á [rosa@ismennt.is](mailto:rosa@ismennt.is)



Rósa Eggertsdóttir

„Hljóðaaðferðin er ekki merkingarbær fyrir börn,“





Ljósmynd frá höfundu

## Eilífðarglíma við tíma

*Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér og ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer...*

Svo hljóða upphafsorð í texta Megasar „Tvær stjórnur“ af plötunni Bláir draumar. Þau má heimfæra á einkenni ríkjandi umræðu kennara um tíma og skilgreiningar þeirra tímahugtakinu. Valda og áhrifaleysi gagnvart tímanum er allsráðandi í texta Megasar og slíkt valdaleysi er einmitt eitt einkenni orðræðu kennara um tímann. Orðræðu kennara og samfélagsins á sértækum og afmörkuðum tíma kennslu og kennslustarfa má sjá í úttektum og mati á skólafarfi, blaðgreinum, í samræðum við kennara og síðast en ekki síst á bloggsíðum. Þar sem tími skipar svo stóran sess í allri skólaumræðu má gera ráð fyrir að hann hljóti að vera ákvarðandi, skilgreinandi og ráðandi afl í skólafarfi. Athyglisvert er að skoða þessa umræðu í ljósi kenninga Michel Foucault og Juliu Kristevu um tíma og skilgreiningar þeirra á tímahugtakinu. Bæði líta á viðurkenndan tíma samfélagsins sem kúgunartæki sem erfitt er að rísa gegn. Í allri skólamálumræðu má sjá að tími er valdataeki sem markar kennurum stað.

### Eilíf tímagæsla

Fá störf eru eins fastbundin tímahug-takinu, tímaskilgreiningum og afmörkuðum vörðum og kennsla. Í skólafarfi eru nánast allar athafnir ýmist tímasettar eða tímamældar og skráðar. Kennarar eru því í hlutverki tímavarða nánast alla starfsævina. Í skólafarfi er leitast við að hólfa tímann niður með allt að því vísindalegri nákvæmni. Við þessar niðurráðningar er stuðst við lagasetningar, tilskipanir og kjarasamninga um leið og reynt er að taka tillit til sérþarfa allra einstaklinga. Afurðirnar eru skóladagatal,

stundaskrár, próftöflur og námsáætlanir. Ekki er hægt að skoða stöðugt sýsl kennara með tímann og viðhorf þeirra öðruvísi en að horfa til hugmynda Michel Foucault um gæslu og aga eins og hann skilgreinir fyrirbærin í bók sinni Discipline and punish – The birth of the prison. Hann segir valdhafa nota skráningu og kortlagningu á athöfnum sem agastjórnun. Nauðsynlegt er að skrá, skoða og kortleggja athafnir til að hámarka framleiðni. Töflur og gróf telur hann með áhrifamestu valdataekjunum, og falla stundatöflur og hvers kyns bókhald í skólafarfi þar undir því þeim er bæði ætlað að hámarka árangur og fylgjast með – þær má því kalla valdatöflur. Foucault telur stundaskrána, bjölluna, flautuna, stimpilkortíð og fyrirskipanir vera táknrænar birtingarmyndir á afmörkun tímans gerðar til þess að hámarka árangur. Afmarkaðan tíma sem notaður er sem stjórntæki skilgreinir hann sem tíma uppgjafar og þreytu. En uppgjöf og þreyta gagnvart tímanum er einmitt eitt einkenni orðræðu kennara.

Við samningu þessara valdatafna verður að taka tillit til margra þátta og raða niður fjölbreytilegum vörðum sem eiga sér upphaf og endi. Í tímavörslunni þurfa kennarar að hafa eftirlit með eigin tíma og nemenda. Þeir þurfa að gæta að því að farið sé eftir ákveðnum afmörkunum og fylgjast með því að þeir sjálfir vinni nákvæmlega eftir vinnutímaskilgreiningum. Þetta kallar á bókhald og útreikninga. Og síðast en ekki síst: Þeir þurfa að gæta þess að sá tími sem nemendur eru í skólanum nýtist þeim á réttan hátt. Aðrir hliðverðir skólatímans eru borgarar samfélagsins sem einnig hafa skoðun á vinnutímanum og þá aðallega þeim tíma sem ekki er nýttur í beina kennslu.

Einn augljósasti kostur orðræðu um skólakennslutíma er sá að hún hefur auðgað íslenskt tungumál með viðbótum,

**Í allri skólamálumræðu má sjá að tími er valdataeki sem markar kennurum stað... Í skólafarfi eru nánast allar athafnir ýmist tímasettar eða tímamældar og skráðar. Kennarar eru því í hlutverki tímavarða nánast alla starfsævina.**

bæði merkingarlegum sem og nýjum orðum. Nægir þar að nefna skipulagsdaga, foreldradaga og vetrarfrí. Þessi nýyrði hafa tilhneigingu til neikvæðrar merkingar og sem undirstrikar almennan mótþróa við tíma skólafarfs.

### Í leit að glötuðum tíma

Búlgarski sálgreinandinn og málvísindafræðingurinn Julia Kristeva skilgreinir tvenns konar tíma. Í fyrsta lagi ríkjandi tíma samfélagsins sem hún segir vera tíma sagnfræði og stjórnmála. Sá tími er eðli málsins samkvæmt línuréttur tími, varðaður tilteknum atburðum og áföngum, og hefur bæði upphaf og endalok. Andstæða ríkjandi tíma samfélagsins samkvæmt Kristevu er tími náttúrunnar, hringrásarinnar, endurtekningarinnar og eilífðarinnar. Sá tími er tími sköpunar og frelsis, óhaminn og óreiðukenndur líkt og skólastofan þegar tímavörðurinn kennarinn bregður sér frá. Hún segir viðurkenndan tíma samfélagsins ekki henta konum og þeim gangi oft illa að fóta sig í línuréttum tíma og grípi því til ýmissa varnaraðgerða og mótmæla.

Miðað við erfiðleika kennarastéttarinnar við að ná sátt við tímann og starfa eftir þröngum tímaskilgreiningum má að breyttu breytanda segja að línuréttur og



## Valdaleysi og uppgjöf kennara gagnvart tímanum er sýnileg í eilífri leit þeirra að tíma sem ekki er til eða erfitt er að nálgast og koma böndum á.

ósveigjanlegur tími sem skólastarfi er markaður henti ekki kennurum og enn síður því starfi sem fram fer innan veggja skólanna. Væri raunin sú snerist skólaumræða ekki svo mikið um tíma eins og sjá má í fjölmiðlum og skýrslum um almennt skólastarf. Í fjölmörgum úttektum á skólastarfi er tíma-hugtakinu gert verulega hátt undir höfði og yfirleitt fjallað um skort eða leit að tíma til sértækra eða nýrra verkefna (sjá [srr.khi.is/?q=skyrslur](http://srr.khi.is/?q=skyrslur)).

Tíminn er því óhöndlanlegur í öllu sínu afstæði og enn frekar ef stöðugt er leitast við að koma á hann böndum líkt og sjá má í allri umræðu um skólastarf. Valdaleysi

og uppgjöf kennara gagnvart tímanum er sýnileg í eilífri leit þeirra að tíma sem ekki er til eða erfitt er að nálgast og koma böndum á. Leit kennara að tíma eru mótmæli í formi afneitunar. Að hafa ekki tíma, gefa sér ekki tíma og finna ekki tíma er staðfesting á því að ákveðinn tími sé ekki til. Með því að finna ekki tíma gefa kennarar því viðurkenndum tíma samfélagsins langt nef.

### Lagður með hælkrók

Kennarar leita að glötuðum tíma innan orðræðu sem dæmd er til að bíta í skottið á sjálfri sér þar sem tími er huglægt fyrirbæri en ekki áþreifanlegt. Faðm lagið við eða í

þessu tilfelli fangbrögð kennara við tímann er ráðandi afl í störfum þeirra og kennarar þurfa að losa sig undan þessu þar sem umræðan hverfist um of um tímaskort og er oft hlaðin neikvæðum tilfinningum. Gott væri ef kennarar gætu hreinlega lagt tímann með hælkrók og skoðað tilfinningar sínar gagnvart þeim tíma sem þeir hafa verið skilgreindir innan – afmörkuðum tíma skóla og kennslu.

**Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir**  
Höfundur er tímalaus grunnskólakennari og bókmenntafræðingur með fjöldann allan af kennslutímum í fartaskinu.

Heimildir:

Foucault, Michel. Discipline and punish – The birth of the prison. Vantage Books. New York: 1977.

Moi Toril, ritstj. Kristeva Reader, „Women's time“. Basil Blackwell. Oxford: 1986.

## TALIS - auðveld og eftirsóknarverð

OECD rannsókn • fyrsta sinnar tegundar • sem gefur kennurum færi á að hafa áhrif á stefnumótun

**TALIS-rannsóknin á kennslu og námi er alþjóðleg rannsókn sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) stendur fyrir. Að sögn Ragnars F. Ólafssonar verkefnisstjóra TALIS á Íslandi er þetta fyrsta alþjóðlega rannsóknin þar sem áherslan er fyrst og fremst á vinnu- og námsumhverfi kennara í grunnskólum.**

Það er fyrir tilstilli menntamálaráðuneytis að Ísland tekur þátt en alls eru tuttugu og fjögur lönd með í rannsókninni. Menntamálaráðuneytið hefur falið Námsmatsstofnun að sjá um framkvæmd á Íslandi og verður spurningalisti lagður rafrænt fyrir kennara og skólastjóra grunnskóla á næstu vikum. Spurningarnar fjalla fyrst og fremst um starfsaðstæður, kennsluhætti, stjórnun skóla, endurmenntun, starfsþróun og viðhorf til ýmissa þátta skólastarfsins.

Spurningar verða lagðar fyrir í tölvu og ekki þarf að klára að fylla út listann í einni lotu heldur býður forritið upp á þann möguleika að taka sér hlé og ljúka síðar við að svara. Það tekur um það bil 45 mínútur að svara spurningunum.

Forprófun spurningalista hefur farið fram. Nú er óskað eftir þátttöku allra kennara grunnskólans og skólastjórnenda í aðal-



**Ragnar verkefnisstjóri að velta fyrir sér hvernig best sé að ná til kennara og fá þá til að taka þátt í TALIS. Sem verður örugglega ekkert tiltökumál því þátttakan er auðveld og gæti skilað kennarastéttinni talsverðum ávinningi.**

prófuninni, nema þeirra sem tóku þátt í forprófuninni vorið 2007. Svör eru trúnaðarmál og verða ekki tengd nöfnum þáttakenda. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í lok árs 2009.

Haft verður samband við skólastjóra allra grunnskóla á næstunni til þess að óska eftir þátttöku í rannsókninni.

Rannsóknin felur í sér öflun upplýsinga frá kennurum og skólastjórnendum allra grunnskóla. Í spurningalistanum er fjallað um „málaflokka“ sem iðulega eru til umræðu í tengslum við grunnskólann, þ.e. sjálfa kennarana og skólastjórnendurna, en allt of lítið haldbært er vitað um skoðanir þeirra á eigin störfum. Með þessu gefst kennurum og skólastjórnendum því tækifæri til þess að hafa áhrif á rannsóknir og skilning manna á menntun og stefnumörkun menntakerfisins. Það verður því mjög mikilsvert að fá upplýsingar um þessa þætti og geta borið stöðuna hér á landi saman við önnur lönd. Auk þess geta niðurstöður rannsóknarinnar haft áhrif á stefnumótun grunnskólans í nánustu framtíð.

Alþjóðlegi samannburðurinn gerir kleift að finna lönd sem eru svipuð Íslandi og önnur sem eru mjög ólík hvað varðra þróun og kennsluhætti í grunnskóla. Þetta býður upp á gagnlegan samannburð á ýmsum fleiri þáttum.

Kennarar og skólastjórnendur svara spurningum um málefni eins og hvernig þeir hafi fengið að þroska sig í starfi, skoðanir sínar á kennslu og kennsluáðferðum, hvers konar mat og viðurkenningu þeir hljóta fyrir starf sitt og ýmislegt annað sem varðar forystu og stjórnun á þessum vettvangi.

Hver skóli þarf að tilnefna tengilið (annan

### Hvatt til þátttöku!

Kennarasamband Íslands, Félag grunnskólakennara, Skólastjóraráfélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl. aðilar eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd og hvetja til þátttöku í rannsókninni.

**Ólafur Loftsson** formaður Félags grunnskólakennara er einn þeirra sem situr í nefndinni. „Þetta er mjög sniðug rannsókn þótt það sé bið eftir niðurstöðum eins og í öllum stórum fjölþjóðlegum rannsóknum. Það sem er nýlunda og gott við hana er að fókussinn er allur á kennarana og skólastjórana og tilgangurinn er að fá fram þeirra sjónarhorn á vinnuaðstæðurnar sem þeir búa við og fleiri þætti. Ég hvet kennara og skólastjóra í grunnskólum til að taka þátt og láta í sér heyr!“

en skólastjóra) sem er Námsmatsstofnun og þáttakendum í skólanum innan handar við útfyllingu listanna, ef þörf krefur. Tengiliður í hverjum skóla mun sjá um að koma lykilorðum til kennara og skólastjóra. Síðan geta þátttakendur svarað listanum þegar þeim hentar. Það tekur eins og fyrr segir um þrjá stundarfjórðunga að svara öllum spurningunum.

Alþjóðleg stjórn rannsóknarinnar fer fram í Hamborg og stýra rannsókninni aðilar frá IEA (International Association for the Evaluation of Educational Achievement) og Statistics Canada í Ottawa, í umboði OECD.

keg



Prófaðu nýjung á **byr.is**:

# Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr

**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**

Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**

Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**

Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.

**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**

Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.


Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**

Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag



**BYR**

SPARISJÓÐUR



# ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

**Vekjum athygli á því sem vel er gert.**

Við hvetjum alla til að skila inn tilnefningum  
til Íslensku menntaverðlaunanna 2008.

Eflum grunnmenntun þjóðarinnar með því að tilnefna þá  
sem skarað hafa fram úr á því sviði.

Tilnefningar skal senda til skrifstofu forseta Íslands,  
*Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík*, eða á [menntaverdlaun@forseti.is](mailto:menntaverdlaun@forseti.is)



SAMBAND ÍSLENSKRA  
SPARISJÓÐA

